

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja



Ársskýrsla 2009

Efnisyfirlit

Lykiltölur úr starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 2009	6
Samanburður á íbúafjölda og þjónustusvæði árin 2007-2009	7
Íbúafjöldi á þjónustusvæði HSS 2009	7
Heilsugæsla-yfirlit	8
Sjúkrahús-yfirlit.....	9
Stjórn og stjórnendur	10
Pistill forstjóra.....	11
Starfsmannahald.....	13
Greidd ársverk að meðaltali árið 2009	15
Heilsugæsla.....	16
Heilsugæslustöðin í Reykjanesbæ	17
Læknavaktin.....	18
Móttaka hjúkrunarfræðinga	19
Sykursýkismóttaka	21
Næringarráðgjöf á HSS	22
Slysa- og bráðamóttaka	22
Mæðravernd.....	23
Ung- og smábarnavernd	24
Skólaheilsugæsla.....	26
Heimahjúkrun	29
Forvarnar- og meðferðarteymi.....	31
Heilsugæslustöðin í Grindavík	32
Hjúkrunarmóttaka í Grindavík	33
Mæðravernd í Grindavík.....	34
Ung- og smábarnavernd í Grindavík	35
Skólaheilsugæsla í Grindavík	36
Heimahjúkrun í Grindavík (<i>til 30. Apríl 2009</i>).....	37
Sjúkrahús - starfsemi	38
Heildaryfirlit yfir starfsemi legudeilda	38
D-deild Lyf- og handlækningadeild	39
F-deild Fæðinga- og kvensjúkdómadeild	42
A- og B- deildir Hjúkrunar og endurhæfingaradeild heimahjúkrunar	46
Víðihlíð í Grindavík Hjúkrunardeild.....	49
Skurðstofur og svæfingadeild	50

Móttaka sérfræðinga.....	52
Rannsóknadeild	53
Röntgendeild / Myndgreining	55
Sjúkraþjálfun.....	57
Lyfjanefnd	59
Læknaritarar	60
Spjaldskrá.....	60
Móttaka	60
Eldhús og býtibúr.....	60
Ræsting	61
Innkaupadeild	61
Tölvu- og upplýsingatæknideild.....	61
Viðhalds- og tæknideild	62
Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga.....	62
Gjafir	63
Ársreikningur 2009	64
Myndir frá starfseminni.....	67

Myndritayfirlit

Myndrit 1: Íbúafjöldi eftir þjónustusvæði skv. Hagstofu.....	7
Myndrit 2: Yfirlit yfir samskipti í heilsugæslu árin 2008-2009.....	16
Myndrit 3: Hlutfall heildarfjöldna samskipta í heilsugæslu raðað eftir aldri árið 2009.....	16
Myndrit 4: Hlutfall fjölda viðtala í heilsugæslu raðað eftir aldri árið 2009	17
Myndrit 5: Hlutfall samskipta í heilsugæslu eftir kyni árið 2009	17
Myndrit 6: Yfirlit yfir viðtöl, símtöl og vitjanir á heilsugæslustöðinni í Reykjanesbæ	18
Myndrit 7: Fjöldi koma á læknavakt utan dagvinnu eftir mánuðum 2007-2009	18
Myndrit 8: Fjöldi viðtala í almennri móttöku hjúkrunarfræðinga	19
Myndrit 9: Fjöldi öndunarprófa (spirometriu) árin 2007-2009	19
Myndrit 10: Fjöldi skoðana í krabbameinsleit árin 2007-2009.....	21
Myndrit 11: Fjöldi skjólstæðinga og koma í móttöku sykursjúkra	21
Myndrit 12: Göngudeild sykursjúkra - aldursskipting skjólstæðinga árið 2009	21
Myndrit 13: Fjöldi slysa eftir mánuðum og vakt árið 2009	22
Myndrit 14: Fjöldi samskipta á slysa- og bráðamóttöku árin 2007-2009.....	23
Myndrit 15: Heildarfjöldi koma í mæðravernd árin 2007-2009	23
Myndrit 16: Samanburður á samskiptum í mæðravernd árin 2008-2009.....	24
Myndrit 17: Aldursskipting kvenna í mæðravernd árið 2009.....	24
Myndrit 18: Vitjanir og komur í ung- og smábarnavernd árin 2007-2009	25
Myndrit 19: Fjöldi samskipta í grunnskólum skólaheilsugæslu HSS í Reykjanesbæ skólaárið 2009/2010.....	27
Myndrit 20: Slysavaldur í grunnskólum skólaheilsugæslu skólaárið 2009/2010.....	27

Myndrit 21: Slysstaðir í grunnskólum skólaheilsugæslu skólaárið 2009/2010	28
Myndrit 22: Tegundir áverka í grunnskólum skólaheilsugæslu skólaárið 2009/2010	28
Myndrit 23: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir aldurstímabilum	29
Myndrit 24: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir kyni árið 2009	29
Myndrit 25: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir póstnúmeri skjólstaðings árið 2009	30
Myndrit 26: Fjöldi samskipta í forvarnar- og meðferðarteymi HSS árin 2008-2009	31
Myndrit 27: Aldursskipting skjólstaðinga árið 2008	31
Myndrit 28: Aldursskipting skjólstaðinga árið 2009	31
Myndrit 29: Íbúafjöldi í Grindavík árin 2005-2009	32
Myndrit 30: Fjöldi viðtala, símtala og vitjana í Grindavík 2007-2009	32
Myndrit 31: Móttaka hjúkrunarfræðinga í Grindavík - samskipti 2007-2009	33
Myndrit 32: Heildarfjöldi samskipta í mæðravernd í Grindavík 2007-2009	34
Myndrit 33: Ung- og smábarnavernd í Grindavík - samanburður árin 2007-2009	35
Myndrit 34: Skólaheilsugæsla í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010	36
Myndrit 35: Slysvaldar í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010	37
Myndrit 36: Slysstaðir í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010	37
Myndrit 37: Tegundir áverka í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010	37
Myndrit 38: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun í Grindavík 2009 eftir aldurstímabilum	37
Myndrit 39: Hlutfall vitjana í heimahjúkrun eftir kyni í Grindavík 2009	37
Myndrit 40: Heildarfjöldi innlagna á HSS - *Ath. nýburar alls 273 eru ekki taldir með	38
Myndrit 41: Heildarfjöldi legudaga á HSS	38
Myndrit 42: Hlutfallsleg skipting innlagna eftir sérgreinum árið 2009	38
Myndrit 43: Heildarfjöldi innlagna eftir mánuðum á D-deild árin 2006-2009	39
Myndrit 44: Heildarfjöldi legudaga á D deild árin 2006-2009	39
Myndrit 45: Fjöldi innlagna eftir sérgrein á D-deild 2006-2009	40
Myndrit 46: Heildarfjöldi koma á D- göngudeild	41
Myndrit 47: Heildarfjöldi innlagna á F-deild 2006-2009	42
Myndrit 48: Heildarfjöldi legudaga á F-deild 2006-2009	42
Myndrit 49: Hlutfallsleg skipting innlagna á F-deild eftir ástæðu innlagnar	42
Myndrit 50: Fjöldi koma á göngudeild F-deildar 2006-2009	43
Myndrit 51: Helstu ástæður fyrir komu á göngudeild F-deildar	43
Myndrit 52: Heildarfjöldi fæðinga eftir mánuðum á F-deild 2006-2009	44
Myndrit 53: Heildarfjöldi fæðinga á F-deild 2006-2009	44
Myndrit 54: Heildarfjöldi innlagna á mánuði á A-deild árin 2007-2009	46
Myndrit 55: Heildarfjöldi innlagna á A-deild 2006-2009	47
Myndrit 56: Heildarfjöldi legudaga á A-deild 2006-2009	47
Myndrit 57: Heildarfjöldi koma á B-deild	47
Myndrit 58: Helstu ástæður fyrir komu á göngudeild B-deildar	48
Myndrit 59: Heildarfjöldi innlagna í Víðihlíð 2006 - 2009	49
Myndrit 60: Heildarfjöldi legudaga í Víðihlíð 2006 – 2009	49
Myndrit 61: Heildarfjöldi legudaga í Víðihlíð eftir mánuðum - 2007 - 2009	49
Myndrit 62: Heildarfjöldi einstaklinga sem fóru í aðgerð/speglun á skurðstofum HSS	50
Myndrit 63: Heildarfjöldi skurðaðgerða á skurðstofu eftir tegund sérgreinar 2009	50
Myndrit 64: Heildarfjöldi speglana eftir tegund árið 2009	51
Myndrit 65: Yfirlit yfir fjölda svæfinga og deyfinga á skurðstofu 2007-2009	51
Myndrit 66: Heildarfjöldi rannsókna og rannsóknæininga 2007-2009	53

Myndrit 67: Samanburður á fjölda algengustu blóðrannsóknanna árið 2009	53
Myndrit 68: Samanburður á heildarfjölda rannsóknasýna hjá inniliggjandi sj. vs. ferlisj.....	54
Myndrit 69: Fjöldi sendra rannsóknasýna árin 2007-2009.....	54
Myndrit 70: Heildarfjöldi skjólstæðinga og rannsókna 2007-2009	55
Myndrit 71: Fjöldi skjólst. sem fóru í ómskoðanir og fjöldi ómskoðana á röntgend. HSS 2007-2009	55
Myndrit 72: Heildarfjöldi TS-rannsókna og sjúklunga frá miðjum desember 2009 til ársloka 2009	56
Myndrit 73: Fjöldi meðferða og tímaeininga inniliggjandi sjúklunga	57
Myndrit 74: Hlutfallsleg skipting á fjölda meðferða milli deilda árið 2008	58
Myndrit 75: Hlutfallsleg skipting á fjölda meðferða á milli deilda árið 2009	58
Myndrit 76: Heildarþjafkastnaður á HSS árin 2007-2009.....	59
Myndrit 77: Heildarþjafkastnaður í milljónum króna á HSS eftir mánuðum árin 2007-2009	59

Töfluyfirlit

Tafla 1: Íbúafjöldi 2009 á þjónustuvæði HSS, aldurs- og kynjaskipt, skv. Hagstofu.....	7
Tafla 2: Yfirlit heilsugæsla.....	8
Tafla 3: Yfirlit sjúkrahús	9
Tafla 4: Greidd ársverk starfsmanna að meðaltali á mánuði eftir stéttarfélagi 2007-2009.....	13
Tafla 5: Starfsmannavelta árið 2009.....	14
Tafla 6: Starfsmannavelta árið 2008.....	14
Tafla 7: Yfirlit yfir tegundir koma og vitjanir í ung- og smábarnavernd árin 2007-2009	25
Tafla 8: Fjöldi nemenda eftir skólum skólaárið 2009/2010.....	26
Tafla 9: Helstu verkefni heimahjúkrunar árið 2009.....	29
Tafla 10: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010	36
Tafla 11: Heildarfjöldi legurúma (bráðarúm 31).....	38
Tafla 12: Innlagnir eftir sérgrein á D-deild árið 2009.....	40
Tafla 13: Innlagnir eftir sérgrein á D-deild árið 2008.....	40
Tafla 14: Upplýsingar tengdar fæðingum - %tölur eru hundraðshluti	45
Tafla 15: Innlagnir á A-deild eftir sérgrein árið 2009.....	47
Tafla 16: Innlagnir á A-deild eftir sérgrein árið 2008.....	47
Tafla 17: Yfirlit yfir fjölda deyfinga eftir tegund 2009	51
Tafla 18: Fjöldi koma á göngudeild sérfræðinga HSS árið 2009	52
Tafla 19: Rekstrarreikningur ársins 2009.....	64
Tafla 20: Efnahagsreikningur 31. desember 2009	65
Tafla 21: Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009.....	66

Útgefandi: Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Ritstjórn, hönnun og umbrot: Guðrún Sigríður Jóhannesdóttir


Ljósmyndir: Oddgeir Karlsson

Prentun: Grágás

Lykiltölur úr starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja 2009

- ✓ Íbúafjöldi á þjónustuvæði HSS var 21.348, sem er 1% fækkun frá árinu 2008
- ✓ Innlagdir á sjúkrahúsið voru 1.992, sem er 18% fækkun frá árinu 2008
- ✓ Legudagar á sjúkrahúsinu voru 19.759, sem er 2,6% fækkun frá árinu 2008
- ✓ Meðalnýting lyf- og handlækningadeildar var 85%
- ✓ Innlagdir á sjúkrahúsið voru að meðaltali 5,5 á hverjum degi (Víðihlíð ekki meðtalin)
- ✓ Komur á göngudeildir til hjúkrunarfræðinga/ljósmæðra á sjúkrahúsinu voru 1.961 (13,5 % aukning frá árinu 2008)
- ✓ Skurðaðgerðir á sjúkrahúsinu voru samtals 1.266, framkvæmdar á 1.100 einstaklingum
- ✓ Bráðaaðgerðir voru samtals 75, þar af voru 13 bráðakeisarar
- ✓ Heildarfjöldi viðtala á heilsugæslu var 75.045 (2% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Heildarfjöldi vitjana á heilsugæslu var 24.360 (27% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Fjöldi skráðra símtala á heilsugæslu var 23.708 (7% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Komur í sykursýkismóttöku voru 1.061 (19% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Fjöldi samskipta á slysa- og bráðamóttöku á dagvinnutíma 7.450 (12% fækkun frá árinu 2008)
- ✓ Heildarfjöldi slysa sem sinnt var á stofnuninni 3.163 (16% fækkun frá árinu 2008)
- ✓ Fjöldi koma í mæðravernd var 3.216, (8% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Á fæðingadeildinni fæddust 273 börn (9% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Heildarfjöldi vitjana í heimahjúkrun voru 22.915 (30% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Fjöldi skjólstæðinga í heimahjúkrun voru 342 (7% aukning frá árinu 2008)
- ✓ Lyfjakostnaður var rúmlega 40 milljónir eða 26% hækkun frá árinu 2008
- ✓ Meðallyfjakostnaður á mánuði var tæpar 3,4 milljónir
- ✓ Framkvæmdar voru 87.588 blóð- og þvaggrannsóknir
- ✓ Heildarfjöldi rannsóknareininga var 551.840
- ✓ Framkvæmdar voru 5.415 röntgenrannsóknir og ómskoðanir
- ✓ Starfsmenn voru alls 411 á launaskrá í 219 stöðugildum (282 starfsmenn fastráðnir að meðaltali)

Samanburður á íbúafjölda og þjónustusvæði árin 2007-2009




Myndrit 1: Íbúafjöldi eftir þjónustusvæði skv. Hagstofu

Íbúafjöldi á þjónustusvæði HSS 2009

Hagstofa Íslands	0-14 ára	15-44 ára	45-66 ára	67-80 ára	> 80 ára	Samtals:
Karlar	2.521	4.999	2.680	667	159	11.026
Konur	2.379	4.634	2.455	666	188	10.322
Samtals:	4.900	9.633	5.135	1.333	347	21.348

Tafla 1: Íbúafjöldi 2009 á þjónustusvæði HSS, aldurs- og kynjaskipt, skv. Hagstofu



Heilsugæsla-yfirlit	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			Breyting %
	2009	2008	2007	2009/2008
Heilsugæsla allt	* Ath. Símtöl eru vanskráð			
Viðtöl	75.045	73.404	64.298	2%
Símtöl *	23.708	22.180	21.326	7%
Vitjanir	24.360	19.178	16.982	27%
Færslur án samskipta	3.696	3.935		-6%
Annað	2.089	1.335		56%
Heildarfjöldi samskipta	128.898	120.032		7%
Læknavaktin				
Viðtöl utan dagv.t.	16.698	18.433	16.799	-9%
Fjöldi slysa				
Slys	3.163	3.749	3.639	-16%
Endurkomur	1.907	2.206	2.282	-14%
Mæðravernd				
Viðtöl	3.377	3.450	3.286	-2%
Fjöldi sjúklinga	572	497		15%
Ung- og smábarnavernd				
Viðtöl	3.992	4.031	3.674	-1%
Vitjanir	882	887	951	-0,5%
Skólaheilsugæsla				
Fjöldi barna	3.160	3.373	3.106	-6%
Heimahjúkrun				
Vitjanir	22.915	17.667	15.869	30%
Fjöldi sjúklinga	342	319	282	7%
Forvarnar- og meðferðarteymi				
Viðtöl	982			n/a
Fjöldi nýrra tilvísana	169			n/a
Fjöldi sjúklinga	311			n/a
Næringarráðgjafi				
Viðtöl	340			n/a
Sykursýkisteymi				
Viðtöl	1.061	893		19%
Fjöldi sjúklinga	364	338		8%

Tafla 2: Yfirlit heilsugæsla

Sjúkrahús-yfirlit	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja			Breyting %
	2009	2008	2007	2009/2008
Fjöldi stöðugilda	219	216	198	1%
Fjöldi sjúkrarúma þar af bráðarúm alls	72 31	72 31	72 31	Óbr.
Fjöldi innl. á legud.	1.992	2.443	2.270	-18%
Fjöldi legudaga	19.759	20.277	19.449	-3%
Skurðstofa				
Fjöldi einst. í aðgerð	1.100	1.228	953	-10%
Fjöldi aðgerða alls	1.266	1.381	n/a	-8%
Fjöldi skurðaðgerða	858	1.093	n/a	-22,0%
Bráðaaðgerðir	75	60	52	25%
Speglanir	408	288	n/a	42%
D-deild lyf- og handlækningadeild *Breytt tilhögun vegna A deildar				
Fjöldi innlagna	1.138	1.677 *	1.233	-32%
Fjöldi legudaga	7.104	8.120 *	7.886	-13%
Meðalfjöldi legudaga	5,4	4,3*	5,3	26%
Meðal nýting	85%	95%	94%	-11%
Göngudeildarþj. (hjfr.)	395	343	315	15%
F-deild fæðinga- og kvensjúkdómadeild				
Fjöldi fæðinga	273	251	247	9%
Fjöldi innlagna	539	513	559	5%
Fjöldi legudaga	1.346	1.108	1.309	21%
Meðalfjöldi legudaga	2,3	2,0	2,2	15%
Meðal nýting	46%	38%	45%	21%
Heimþjónusta ljósm.	117	44	n/a	166%
Göngudeildarþj.(hjfr.)	1.137	950	1.157	20%
A-deild **Ath. breytt rekstrarform 2008-deildin opin allan sólarhr. alla daga vik. jan.- maí.				
Fjöldi innlagna	285	223**	444	28%
Fjöldi legudaga	2.454	2.361**	1.617	4%
Meðalfjöldi legudaga	7,3	8,1	3,5	-10%
Meðal nýting	93%	97%	80%	-4%
B-deild dag- og göngudeildarþjónusta				
Fjöldi koma	429	403**	1435	6%
G-deild				
Fjöldi innlagna	30	30	34	Óbr.
Fjöldi legudaga	8.855	8.688	8.637	2%
Meðalfjöldi legudaga	27,5	28	27	-2%
Meðal nýting	97%	95%	95%	2%
Myndgreining (Rtg.)				
Fjöldi rannsóknna	5.415	6.092	5.728	-11%
Fjöldi sjúklinga	4.271	4.794	4.442	-11%
Rannsókn				
Fjöldi rannsóknæininga	551.840	589.657	563.442	-6%
Fjöldi sjúklinga	16.578	17.010	16.093	-3%

Tafla 3: Yfirlit sjúkrahús

Stjórn og stjórnendur

Framkvæmdastjórn

Forstjóri: Sigríður Snæbjörnsdóttir
Framkvæmdastjóri hjúkrunar: Þórunn Benediktsdóttir
Framkvæmdastjóri lækninga á sjúkrahúsi: Sigurður Þór Sigurðarson
Framkvæmdastjóri lækninga á heilsugæslu: Sigurjón Kristinsson
Framkvæmdastjóri fjármála og reksturs: Elís Reynarsson

Forstöðumenn deilda

Lyflækninga- og skurðlækningadeild

Bryndís Sævarsdóttir hjúkrunardeildarstjóri
 Árni Leifsson yfirlæknir handlækningadeilda
 Sigurður Þór Sigurðarson yfirlæknir lyflækningad.

Fæðinga- og kvensjúkdómadeild

Guðrún Guðbjartsdóttir yfirljósmóðir
 Anna Rut Sverrisdóttir yfirljósmóðir
 Konráð A. Lúðvíksson yfirlæknir

Dag- og endurhæfingadeild

Rósa Víkingsdóttir hjúkrunardeildarstjóri til sept. 2009
 Bryndís Guðbrandsdóttir frá sept. 2009
 Sigurður Árnason yfirlæknir

Víðihlið hjúkrunardeild

Edda Bára Sigurbjörnsdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
 Ingibjörg Þórðardóttir, deildarstjóri
 Sigurður Þór Sigurðarson yfirlæknir

Skurð- og svæfingadeild

Ásdís Johnsen hjúkrunardeildarstj. skurðd.
 Rut Þorsteinsdóttir hjúkrunardeildarstj. svæfingad.
 Árni Leifsson yfirlæknir

Sóttþreinsunardeild

Ásdís Johnsen hjúkrunardeildarstjóri

Rannsóknarstofa

Sigurlaug N. Þráinsdóttir yfirlífeindafræðingur

Röntgendeild

Stella María Thorarensen yfirgeislafræðingur

Lyfjabúr

Svavar Jóhannesson lyfjafræðingur

Kennsla, þróun og vísindi

Sigurður Árnason yfirlæknir

Læknaritarar

Ásdís M. Sigurðardóttir deildarstjóri

Afgreiðsla og móttaka

Ástríður Sigþórsdóttir deildarstjóri

Sjúkraþjálfun

Sara Guðmundsdóttir yfirsjúkraþjálfari

Eldhús og býtibúr

Sigríður Magnúsdóttir yfirmatráður
 Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir yfirmaður
 eldhúss/býtibúrs í Víðihlið í Grindavík

Ræsting

Margrét Valdimarsdóttir ræstingarstjóri

Innkaupadeild

Kristjana Bergsteinsdóttir innkaupastjóri

Starfsmannastjóri

Bjarnfríður Bjarnadóttir til 1. Júní 2009
 Guðrún Alda Elísdóttir frá 1. Júní 2009

Tölvu- og upplýsingatæknideild

Agnar Guðmundsson forstöðumaður

Heilbrigðistöflfræði og gæðamál

Guðrún Auður Harðardóttir forstöðumaður

Eignir og viðhald

Hermann F. Ólason deildarstjóri

Heilsugæslustöð Reykjanesbæ

Sigrún Ólafsdóttir yfirhjúkrunarfr. til 30.sept. 09
 Ingibjörg Steindórsdóttir yfirhjúkrunarfr. frá 1. okt.09
 Sigurjón Kristinsson yfirlæknir

Slysa- og bráðamóttaka

Guðrún Ö. Theódórsdóttir settur hjúkrunardeildarstj.

Ungbarnavernd

Guðrún Guðmundsdóttir hjúkrunardeildarstjóri

Mæðravernd

Halldóra Kristinsdóttir yfirljósmóðir

Skólahjúkrun

Guðbjörg Á. Sigurðardóttir hjúkrunardeildarstjóri

Heimahjúkrun

Bryndís Guðbrandsdóttir hjúkrunardeildarstjóri

Heilsugæslustöð Grindavík

Laufey Birgisdóttir yfirhjúkrunarfræðingur
 Sigurjón Kristinsson yfirlæknir

Pistill forstjóra



Árið 2009 einkenndist af miklu pólitísku umróti, breytingum og vaxandi kröfum um aukna hagræðingu og niðurskurð í rekstri. Á árinu fóru þrír heilbrigðisráðherrar með völd í heilbrigðisráðuneytinu sem er væntanlega einsdæmi

í pólitískri sögu hér á landi. Fjármálakreppan skall á með fullum þunga og enginn var undanskilinn harkalegum afleiðingum hennar.

Miklar umræður og mikil vinna fór fram á árinu um hvernig mætti ná aukinni hagræðingu í rekstri heilbrigðismála án þess að hagræðingin kæmi illa niður á skjólstæðingum þjónustunnar. Forgangsröðun þjónustunnar úr lögum um heilbrigðisþjónustu var mikið til umræðu en þar er grunnþjónustan sett í algjöran forgang. Næst kemur þjónusta við aldraða, síðan lyflækningar og endurhæfing og fæðingþjónusta eftir því sem aðstaður leyfa. Skurðlækningar eru ekki lengur í forgangi hjá umdæmissjúkrahúsum.

Íbúafjöldi á Suðurnesjum virðist hafa náð hámarki í bili enda hefur verið um 25% fjölgun íbúa á svæðinu frá árinu 2005. Á árinu 2009 var 1% fækkun íbúa á svæði HSS en íbúar voru 21.348. Atvinnuleysi fór vaxandi á svæðinu og er það hæsta á landinu. Hlutfall yngra fólks og erlendra ríkisborgara er hærra en landsmeðaltal. Allir þessir þættir geta haft áhrif á eftirspurn eftir þjónustu.

Í fyrsta sinn í mörg ár var fækkun í innlögnum á sjúkrahúsið og fækkun legudaga. Hins vegar er enn aukning á starfsemi á flestum deildum heilsugæslunnar hvort sem litið er á viðtöl, vitjanir, komur eða símtöl.

Starfsmannavelta jókst á milli ára og var tæp 15% á árinu 2009. Vaxandi skortur var á ýmsu fagfólki, bæði læknum og hjúkrunarfræðingum, sérstaklega vantaði fleiri heilsugæslulækna til starfa. Læknar hafa í auknum mæli leitað starfa utan landsteinanna, yngri læknar fara fyrr utan til framhaldsnáms og þeir sem eru í starfsnámi erlendis koma seinna heim.



Mikið var um fundahöld á vegum heilbrigðisráðherra, skipaðir voru samráðshópar og nefndir af ýmsu tagi þar sem reynt var að leita lausna um hvernig best mætti veita þjónustu á tímum vaxandi erfiðleika. Horft var á samstarf Kragasjúkrahúsanna annars vegar en einnig var mikið rætt um samstarf Kragasjúkrahúsanna og Landspítalans hins vegar. Það sem mesta umfjöllun fékk á HSS var hvort skurðstofur yrðu áfram starfræktar. Á fundi með starfsmönnum HSS í lok mars tilkynnti ráðherra að starfsgrundvöllur skurðstofanna væri tryggður út árið 2009 og skurðstofur og fæðingþjónusta yrðu reknar með óbreyttu sniði. Umræður spunnust um hvort unnt væri að leigja út skurðstofur og nokkrar fyrirspurnir bárust þar um seinni hluta árs. Ekki var áhugi á því að opna fyrir slíkt fyrirkomulag af hálfu heilbrigðisráðherra að svo komnu máli en málið er enn til skoðunar. Í lok ársins ríkti óvissa um framtíð skurðstofanna og ljóst að áframhaldandi niðurskurðarkröfur ársins 2010 yrðu sársaukafullar.

Svínainflúensan hélt innreið sína til landsins á haustmánuðum og hafði mikil áhrif á alla starfsemi á HSS, sérstaklega heilsugæsluna. Mikið og frábært starf var unnið af hálfu starfsfólks, sem sýndi vel hversu vel íslenskt heilbrigðisstarfsfólk er búið undir að takast á við hið óvænta. Þar leystu allir verkefni sín á afar faglegan og skilvirkan máta.



Á 55 ára afmæli stofnunarinnar þ. 18. nóvember, var boðið til kaffisamsætis, bæði starfsfólki, velunnurum, heilbrigðisráðherra og sveitarstjórnarmönnum. Hátíðahöldin voru hófsöm í anda erfiðra tíma. Brunavarnir Suðurnesja heiðruðu starfsfólk og stofnun með "heiðursvatnsbunu" sem vakti mikinn fögnuð viðstaddra.



Í lok árs var margt sem þó mátti gleðjast yfir. Fasteignir ríkissjóðs tóku við umsjón húsnæðis HSS í ársbyrjun en hlutverk þeirra er að sjá um viðhald og endurbætur svo húsnæðið nýtist sem best til þeirrar starfsemi sem því er ætlað. Húsnæði og bygging stofnunarinnar í

Reykjanesbæ tók miklum stakkaskiptum á árinu, húsið var málað að utan og lóðin í kringum húsnæðið var tekin í gegn. Eldhús og matsalur voru algjörlega endurnýjuð og nýtt tölvusneiðmyndataeki var tekið í notkun eftir viðeigandi breytingar á húsnæði. Auk þess má sjá ýmsar aðrar breytingar til hins betra víðsvegar á stofnuninni.



Eins og flestir gera sér grein fyrir, er engin starfsemi án starfsfólks. Þrátt fyrir oft mikið álag á árinu, erfið verkefni og mikla óvissu, stóð starfsfólk sig einstaklega vel. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er haldið uppi umfangsmikilli og faglegri þjónustu þó því miður hafi ekki alltaf tekist að mæta þeirri miklu eftirspurn sem er fyrir hendi eftir þjónustu. Þar er ekki við starfsmenn að sakast.

Ég vil ljúka þessum pistli með því að þakka öllu því frábæra starfsfólki sem hér starfar fyrir afar vel unnin störf á árinu 2009.

Starfsmannahald

Starfsmannastjóri:

Bjarnfríður Bjarnadóttir til 1. júní 2009
Guðrún Alda Elísdóttir frá 1. júní 2009

Í heildina störfuðu 411 manns hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja árið 2009. Þar af voru liðlega 99 starfsmenn í afleysingum. Að meðaltali voru 282 fastráðnir starfsmenn við störf á árinu, en voru 267 árið 2008.

Aukning í ársverkum á milli áranna 2009 og 2008 var um 1,6%. Aukning varð í röðum hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða hjá stofnuninni eins og sjá má í töflu 4 hér að neðan.

Alls voru 15 starfsmenn í fæðingarorlofi á árinu og 9 starfsmenn áttu við lengri veikindi að stríða, allt frá 1 – 12 mánuðum. Einnig fóru 25 fastráðnir starfsmenn í lengri launalaus leyfi, allt frá 1 og upp í 9 1/2 mánuð.

Nafn stéttarfélags	Greidd ársverk að meðaltali á mánuði 2009	Greidd ársverk að meðaltali á mánuði 2008	Greidd ársverk að meðaltali á mánuði 2007
Félag geislafræðinga	2,2	2,94	2,32
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	41,2	37,40	36,21
Félag lífeindafræðinga	3,9	3,50	3,66
Félag matreiðslumanna			
Iðjupjálfafélag Íslands		0,63	0,56
Fræðagarður	1,2	3,00	2,98
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	3,2		
Kjaranefndir ýmsir	1,0		
Landssamband slökkviliðs- & sjúkraflutningamanna	1,6	2,09	1,83
Ljósmeðrafélag Íslands	10,3	8,82	6,79
Læknafélag Íslands	20,9	22,37	19,53
Sálfræðingafélag Íslands	1,5	1,40	0,73
Sjúkraliðafélag Íslands	49,2	47,39	41,21
Starfsmannafélag Suðurnesja og SFR	37,8	39,05	35,87
Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði	0,4	0,30	0,30
Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa	1,0	1,00	0,63
Stéttarfélag sjúkrahjálfa	1,9	1,82	1,92
Utan félag opinberir starfsm. Fræðagarður og kjaranefnd ýmsir	0,3	1,67	1,85
Útgarður, félag háskólamanna	0,0	0,08	0,15
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	19,9	19,34	19,19
Verkalýðsfélag Grindavíkur	21,7	22,83	22,01
Samtals	219,2	215,62	197,74

Tafla 4: Greidd ársverk starfsmanna að meðaltali á mánuði eftir stéttarfélagi 2007-2009

Nafn stéttarfélags	Fj. fastráðinna starfsm. sem hættu 2009	Fj. fastráðinna starfsm. 1.jan.2009	Fj. fastráðinna starfsm. 31.des.2009	Starfsmanna-velta	Starfsm. í tímab. ráðningum og tímavinnu
Félag geislafræðinga	0,0	3,0	3,0	0,00%	2
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	9,0	49,0	56,0	17,14%	5
Félag lífeindafræðinga	0,0	4,0	4,0	0,00%	1
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	0,0	3,0	3,0	0,00%	1
Fræðagarður		2,0	2,0	0,00%	
Landssamband slökkviliðs- & sjúkraflm.	1,0	5,0	5,0	20,00%	
Ljósmeðrafélag Íslands	0,0	13,0	13,0	0,00%	2
Læknafélag Íslands	8,0	26,0	18,0	36,36%	22
Sálfr.f. Íslands og stéttarf. Ísl. Félagsráðgj.	0,0	3,0	3,0	0,00%	0
Sjúkraliðafélag Íslands	7,0	70,0	67,0	10,22%	1
Starfsm.f. Suðurn. og félag matreiðslum. Stéttarf. Háskólam. á matv.- og næringarsv.	10,0	49,0	40,0	22,47%	12
Stéttarfélag sjúkrapjálfa	0,0	3,0	3,0	0,00%	0
Utan félaga, kjaraf. viðskipta- og hagfr. og útgarður félag háskólam.	0,0	5,0	5,0	0,00%	1
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	4,0	25,0	21,0	17,39%	7
Verkalýðsfélag Grindavíkur	2,0	31,0	28,0	6,78%	4
Samtals	41,0	292,00	272,0	14,54%	58

Tafla 5: Starfsmannavelta árið 2009

[Starfsmannavelta formúla: Hættir á tímabili / (starfandi í upphafi tímabils + starfandi í lok tímabils) / 2]

Nafn stéttarfélags	Fj. fastráðinna starfsm. sem hættu 2008	Fj. fastráðinna starfsm. 1.jan.2008	Fj. fastráðinna starfsmanna 31.des.2008	Starfsmanna-velta	Starfsm. í tímab. ráðningum og tímavinnu
Félag geislafræðinga	1,0	3,0	3,0	33,33%	1
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	6,0	49,0	51,0	12,00%	8
Félag lífeindafræðinga	0,0	4,0	4,0	0,00%	
Iðjubjálfafélag Íslands	1,0	0,0	0,0		1
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga		3,0	3,0	0,00%	
Landssamband slökkviliðs- & sjúkraflm.		5,0	5,0	0,00%	
Ljósmeðrafélag Íslands		12,0	12,0	0,00%	1
Læknafélag Íslands	1,0	24,0	30,0	3,70%	32
Sálfr.f. Íslands og stéttarf. Ísl. Félagsráðgj.	1,0	2,0	3,0	40,00%	
Sjúkraliðafélag Íslands	3,0	62,0	67,0	4,65%	8
Starfsm.f. Suðurn. og félag matreiðslum. Stéttarf. Háskólam. á matv.- og næringarsv.	1,0	41,0	44,0	2,35%	26
Stéttarfélag sjúkrapjálfa		2,0	2,0	0,00%	
Utan félaga, kjaraf. viðskipta- og hagfr. og útgarður félag háskólam.		3,0	4,0	0,00%	
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur	4,0	26,0	25,0	15,69%	8
Verkalýðsfélag Grindavíkur	6,0	30,0	33,0	19,05%	26
Samtals	24,0	267,00	287,0	8,66%	111

Tafla 6: Starfsmannavelta árið 2008

Greidd ársverk að meðaltali árið 2009

D-deild lyf- og handlækningadeild

Hjúkrunarfræðingur	14,74
Sjúkraliði	17,35
Deildarritari	1,00
Læknar	4,20

A-deild endurhæfingardeild/B-deild göngudeild/ hjúkrunar- og endurhæfingard. heimahjúkrunar

Hjúkrunarfræðingur	1,97
Sjúkraliði	5,74
Deildarritari	0,31
Læknir	0,20

F-deild fæðinga- og kvensjúkdómadeild

Ljós móðir	6,48
Sjúkraliði	0,55
Deildarritari	0,35
Læknir	0,73

G-deild hjúkrunardeild Víðihlíð

Hjúkrunarfræðingur	3,67
Sjúkraliði	10,87
Aðrir	22,06
Læknir	0,06

Skurðstofur og svæfingadeild

Hjúkrunarfræðingur	4,02
Sjúkraliði	2,85
Aðrir	0,67
Læknar	0,23

Heilsugæslustöðin í Reykjanesbæ

Hjúkrunarfræðingur/ljós móðir	2,51
Sjúkraliði	1,46
Aðrir	0,20
Læknir	10,89

Slysa- og bráðamóttaka

Hjúkrunarfræðingur	2,71
Læknir	0,48

Mæðravernd

Ljós móðir	1,97
Sjúkraliði	0,06
Læknir	0,47

Ung- og smábarnavernd

Hjúkrunarfræðingur/ljós móðir	3,01
Sjúkraliði	0,50
Læknir	0,70

Skólaheilsugæsla

Hjúkrunarfræðingur	4,16
Sjúkraliði	0,96
Aðrir	0,13

Heimahjúkrun

Hjúkrunarfræðingur	5,25
Sjúkraliði	5,29
Aðrir	2,23
Læknir	0,20

Forvarnar- og meðferðarteymi

Sálfræðingur	1,48
Félagsráðgjafi	0,98
Ljós móðir	0,20

Heilsugæslustöðin í Grindavík

Hjúkrunarfræðingur/ljós móðir	1,87
Aðrir	3,61
Læknir	1,64

Rannsókn

Lífeindafræðingur	3,85
-------------------	------

Röntgen

Geislafræðingur	2,18
Aðrir	0,82

Sjúkraþjálfun

Sjúkraþjálfari	1,94
Aðrir	0,8

Læknaritarar

Eldhús	12,18
--------	-------

Ræsting	11,19
---------	-------

Móttaka	10,83
---------	-------

Skrifstofa	7,10
------------	------


Tölvudeild	1,5
------------	-----

Umsjón fasteigna	2
------------------	---

Heilsugæsla

Mikil og stöðug uppbygging hefur átt sér stað á heilsugæslusviði HSS undanfarin ár og þjónusta frá hjúkrunarfólki og ljósmæðrum aukist verulega. Fólksfjölgun á Suðurnesjum hefur verið langt umfram landsmeðaltal undanfarin misseri.


Árið 1997 voru íbúar á Suðurnesjum alls 15.685 samkvæmt Hagstofu Íslands en er í dag 21.348 fyrir utan íbúa á Ásbrú. Heilsugæslustöðvar eru staðsettar bæði í Reykjanesbæ og Grindavík.




Myndrit 2: Yfirlit yfir samskipti í heilsugæslu árin 2008-2009

Samskipti heilbrigðisstarfsfólks við sjúklinga eru skráð í sjúkraskrá þeirra. Samskiptin geta verið m.a. viðtal, símtal, vitjun og fleira. Árið 2009 voru heildarfjöldi samskipta 128.898 sem er 7% aukning frá fyrra ári. Einnig var aukning í viðtölum milli áráanna 2008 og 2009 eða um 2%,

skráð símtöl jukust um 7% og vitjanir 27%. Samskipti dreifast nokkuð jafnt milli aldursflokka 0-14 ára, 25-44 ára, 45-64 ára og 75+ og er þetta svipað hlutfall samskipta eftir aldri og árið áður.




Myndrit 3: Hlutfall heildarfjölda samskipta í heilsugæslu raðað eftir aldri árið 2009




Flest viðtöl á heilsugæslu eru við einstaklinga á aldurskeiðinu 0-14 ára (25%) og 25-44 ára (25%). Einnig er stór hluti viðtala við einstaklinga á aldurskeiðinu 45-64 ára (22%). Þetta er sambærilegt við hlutfall viðtala eftir aldurskiptingu á árinu 2008 en þá var skiptingin

0-14 ára (28%), 25-44 ára (24%) og 45-64 ára (21%).

Hlutföll samskipta í heilsugæslu eftir kyni árið 2009 var 60% konur og 40% karlar og voru hlutföllin samskonar árið 2008.



Myndrit 4: Hlutfall fjölda viðtala í heilsugæslu raðað eftir aldri árið 2009



Myndrit 5: Hlutfall samskipta í heilsugæslu eftir kyni árið 2009

Heilsugæslustöðin í Reykjanesbæ

Yfirhjúkrunarfræðingur: Sigrún Ólafsdóttir – til 30. september 2009

Yfirhjúkrunarfræðingur: Ingibjörg Steindórsdóttir – frá 1. október 2009

Yfirlæknir: Sigurjón Kristinsson


Starfsemi

Almenn læknamóttaka er opin alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00 og í henni felst öll almenn þjónusta heilsugæslulækna.

Starfsemi heilsugæslunnar styrkist og eflist með hverju ári. Þjónusta sem stendur skjólstæðingum HSS til boða er m.a. almenn lækniþjónusta, almenn móttaka hjúkrunarfræðinga, móttaka fyrir sykursjúka, slysa- og bráðamóttaka, mæðravernd, ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæsla, heimahjúkrun, næringarráðgjöf,

heyrnarvernd, sálfélagsleg móttaka og félagsráðgjöf.

Algengustu ástæður komu á heilsugæslustöðina voru eins og fyrri ár, lyfjaendurnýjanir, ónæmisaðgerðir, hósti, slys/áverkar, hálsbólga, bakverkur, hiti, almennir verkir, kvef, blóðþrýstingseftirlit, eyrnaverkur, útbrot, kviðverkir, slappleiki, kvíði, brjóstverkur og höfuðverkur.




Myndrit 6: Yfirlit yfir viðtöl, símtöl og vitjanir á heilsugæslustöðinni í Reykjanesbæ

Aukning var í viðtölum (4%), símtölum (12%) og vitjunum (31%) milli árána 2008 og 2009.

Læknavaktin

Síðdegisvakt er opin frá kl. 16:00 – 20:00 alla virka daga og frá kl. 10:00 – 13:00 og 17:00 – 19:00 á helgidögum og um helgar. Læknir er á bakvakt allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Alls voru skráðar 16.698 komur á læknavakt heilsugæslunnar árið 2009 sem er 9% fækkun frá fyrra ári en þá voru skráðar komur á læknavaktina 18.433.




Myndrit 7: Fjöldi koma á læknavakt utan dagvinnu eftir mánuðum 2007-2009

Móttaka hjúkrunarfræðinga

Almenn móttaka hjúkrunarfræðinga er alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00. Helstu ástæður komu til hjúkrunarfræðings og sjúkraliða eru blóðþrýstingseftirlit, bólusetningar, sprautugjafir, sármeðferð, saumatata, ýmis fræðsla og ráðgjöf, ferðamannabólusetningar,

inflúensubólusetningar (árlegar og svínainflúensa), heilsufarsskoðanir aðrar s.s. hjá sjúkraflutningsmönnum, símaráðgjöf, endurnýjun lyfseðla, öndunarpróf (spiro), hjartalínurit, heyrnarvernd og krabbameinsskoðun.



Myndrit 8: Fjöldi viðtala í almennri móttöku hjúkrunarfræðinga

Mikil aukning var á fjölda viðtala í almennri móttöku hjúkrunarfræðinga milli ára 2008 og 2009 eða 102%. Aukninguna má rekja til




svínainflúensubólusetningar en einnig hefur orðið aukning á sármeðferð og saumatökum sem áður var sinnt að mestu á slysa- og bráðamóttöku.

Lungnamælingar (spirometria)

Á heilsugæslunni eru framkvæmdar lungnamælingar sem er mikilvæg rannsókn við greiningu, meðferð og eftirlit lungnasjúklinga. Sjúkraliði sinnir nær alfarið þessari rannsókn fyrir

alla stofnunina og voru framkvæmdar samtals 366 lungnamælingar árið 2009. Aukning um 2% var á öndunarprófum milli ára 2008 og 2009.



Myndrit 9: Fjöldi öndunarprófa (spirometriu) árin 2007-2009

Hjartalínurit

Sjúkraliði á heilsugæslu sinnir flestum hjartalínuritum fyrir stofnunina utan hjartalínurita skjólstæðinga á slysa- og bráðamóttöku. Fjöldi þeirra sem komu í slík rit árið 2009 var 652 en 609 árið 2008, sem er 7% aukning milli ára.

Heyrnarvernd

Einu sinni í viku er sjúkraliði með tíma fyrir heyrnarmælingu í þar til gerðum klefa. Ungbarnavernd fær heyrnarmælingu fyrir 5 ára börn og fullorðnir geta einnig pantað sér tíma án tilvísunar heilbrigðisstarfsmanns. Heyrnarverndin hefur einnig sinnt viðgerðum og hreinsunum heyrnartækja skjólstæðinga HSS. Heyrnarmælingar voru 247 árið 2009.

Ónæmisáðgerðir – inflúensa, lungnabólga og svínainflúensa

Á hverju hausti kemur fjöldi manns í inflúensubólusetningar eða 1.552 einstaklingar á árinu 2009. Eldri borgarar nota þá oft tækifærið til að fá lungnabólugbólusetningu í leiðinni og á árinu 2009 voru það 158 einstaklingar. Hjúkrunarfræðingar hafa einnig tekið að sér að fara út í fyrirtækin og bólusetja starfsfólk sé þess óskað. Á árinu 2009 bættist við bólusetning vegna svínainflúensu og fjöldi einstaklinga sem var bólusettur var 7.296.

Ónæmisáðgerðir tengdar utanlandsferðum

Íslendingar ferðast mikið til framandi landa þar sem ýmsir kvillar geta herjað á ferðalanga. Ónæmisáðgerðir tengdar utanlandsferðum eru framkvæmdar allt árið og um leið lögð áhersla á að veita fræðslu og ráðgjöf varðandi matvöru, drykki, skordýr o.fl. Fjöldi ferðaónæmisáðgerða árið 2009 var 1.311.



Símaráðgjöf

Ráðgjöf hjúkrunarfræðinga hefur verið við líði til fjölda ára, en nýlega var opnuð formleg ráðgjöf til að auka við þjónustu skjólstæðinga svæðisins. Símaráðgjöf var gríðarlega mikið notuð í tengslum við svínainflúensu og voru fjöldi símtala um 1.000 frá júlí til desemberloka 2009.

Lyfjaendurnýjun

Hægt er að endurnýja ákveðin lyf í gegnum heimasíðu HSS. Eftir pöntun kemur sjálfvirk svar um að pöntun sé móttækin. Til að auka við þjónustu skjólstæðinga hafa hjúkrunarfræðingar boðið upp á lyfjaendurnýjun í samstarfi við lækni á vakt. Fylla þeir út lyfseðla og senda svo til læknis sem sendir lyfseðilinn áfram. Með þessu móti eru fylltir út u.þ.b. 100 lyfseðlar á viku.

Sárameðferð og saumataka

Mikil aukning hefur verið í móttöku hjúkrunarfræðinga vegna sárameðferða síðastliðið ár. Slys- og bráðamóttaka hefur sinnt þessum skjólstæðingum hingað til en vegna mikils fjölda sárameðferða hefur hjúkrunarmóttaka tekið við þeim flestum.


Sprautugjafir, blóðþrýstingseftirlit, heilsufarsskoðanir aðrar

Mikil aukning hefur orðið á þessum lið hjúkrunarmóttöku þar sem mikill fjöldi skjólstæðinga þarf á lyfjagjöfum að halda reglulega sem og blóðþrýstingseftirlit.



Krabbameinsleit

Einu sinni á ári hefur leitarstöðin í samvinnu við HSS verið með leghálsskoðun og brjóstamyndatöku hálfan mánuð í senn, fyrir konur á Suðurnesjum. Rúmlega 2000 bréf voru send út á árinu 2009 og komu 694 konur í leghálsskoðun og 712 í brjóstamyndatöku.



Myndrit 10: Fjöldi skoðana í krabbameinsleit árin 2007-2009

Þar fyrir utan er leghálsskoðun einu sinni í mánuði á HSS. Fjöldi kvenna sem nýttu sér þessa þjónustu á árinu 2009 var 115.


Ath.: Myndrit 10 sýnir fjölda skoðana sem framkvæmdar voru en ekki fjölda kvenna. Margar konur fóru bæði í brjóstamyndatöku og leghálsskoðun sama dag.




Sykursýkismóttaka

Sykursýkimóttaka er opin einu sinni til tvisvar í viku þar sem unnið er samkvæmt klínískum leiðbeiningum landlæknis. Allir skjólstæðingar hitta lækni og hjúkrunarfræðing reglulega og öllum er boðið viðtal við næringarráðgjafa við greiningu eða innskráningu í móttökuna og síðan

eftir þörfum. Fjöldi sjúklunga sem nýttu sér sykursýkismóttöku á árinu 2009 var 364 og komu í alls 1.061 viðtal. Þetta er 19% aukning í fjölda viðtala milli árana 2008 og 2009 og 8% fjölgun í fjölda skjólstæðinga milli ára.



Myndrit 11: Göngudeild sykursjúkra - aldurskipting skjólstæðinga árið 2009



Myndrit 12: Fjöldi skjólstæðinga og koma í móttöku sykursjúkra

Næringarráðgjöf á HSS

Næringarráðgjöfin er einkum vegna sykursýki, offitu, hjarta- og æðasjúkdóma. Beiðnir koma aðallega frá lækni eða hjúkrunarfræðingi í sykursýkismóttöku. Allir með nýgreinda sykursýki eða þeir sem eru að byrja í eftirliti fá viðtal við næringarráðgjafa. Þeir sem eru á insúlínmeðferð fá viðtal við næringarráðgjafa a.m.k. einu sinni á ári, aðrir eftir þörfum.

Aðrar beiðnir eru hluti af þverfaglegri teymisvinnu með læknum, hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum, sjúkraþjálfurum, sálfræðingum og félagsráðgjafa.

Heildarfjöldi viðtala hjá næringarráðgjafa árið 2009 var 340.

Slysa- og bráðamóttaka


Deildarstjóri: Guðrún Ösp Theódórsdóttir

Starfsemi

Slysa- og bráðamóttaka HSS tekur á móti öllum sjúklingum sem eru slasaðir og einnig þeim sem eru veikir og treysta sér ekki til að bíða eftir næsta lausa tíma hjá lækni.

Það eru tveir hjúkrunarfræðingar á vakt og taka þeir á móti öllum sjúklingum, meta ástand þeirra og kalla til viðeigandi lækni. Að auki sinna þeir


sárameðferðum og aðstoða við brotaendurkomu s.s. með gipsun, sjá um endurnýjun á lyfseðlum og eru með símaráðgjöf. Bráðameðferð, lífsmarkamælingar og lyfjagjafir eru einnig hluti starfsins. Þá eru hjúkrunarfræðingar mikilvægir hlekkir í endurlífgun. Frá því í október hefur sjúkraliði verið í hálfri stöðu, sem lögð verður niður í lok apríl 2010 vegna sparnaðar.



Myndrit 13: Fjöldi slysa eftir mánuðum og vakt árið 2009

Heildarfjöldi slysa árið 2009 var 3.163 sem er 16% fækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi slysa á dagvakt var 1.394 sem er 14% fækkun frá fyrra ári

og heildarfjöldi slysa á læknavakt var 1.769 sem er 17% fækkun frá árinu 2008.



Myndrit 14: Fjöldi samskipta á slysa- og bráðamóttöku árin 2007-2009

Árið 2009 voru 7.450 samskipti á deildinni og er það fækkun um 972 samskipti á milli árána 2008 og 2009 eða 12% fækkun. Skýringin getur að hluta til verið vegna þess að hjúkrunarfræðimóttakan á heilsugæslunni hefur tekið yfir allar saumatökur og meirihlutann af

sárameðferðunum. Þó voru einnig færri slys og færri komur vegna veikinda og getur kostnaður sjúklingsins verið ástæðan en það er dýrara að koma á slysa- og bráðamóttöku heldur en að fara á vaktina eftir kl 16 á heilsugæslunni.


Mæðravernd

Deildarstjóri: Halldóra Kristinsdóttir

Starfsemi

Markmið mæðraverndar er að gæta að og efla heilsu, vöxt og þroska móður, barns og fjölskyldu með eftirliti, stuðningi og fræðslu. Einnig að greina og meðhöndla frávik frá eðlilegri meðgöngu og væntanlegri fæðingu sem fyrst.


Það er gert með blóð- og þvagrannsóknnum ásamt mati á líkamlegu og andlegu ástandi. Mæður koma í skoðun frá 12 vikna meðgöngu, í u.þ.b. 10-12 skipti.



Myndrit 15: Heildarfjöldi koma í mæðravernd árin 2007-2009



Á árinu 2009 komu alls 572 konur í mæðraverndina sem er aukning um 15% frá árinu 2008. Heildarfjöldi koma í mæðravernd var 3.216 sem er aukning um 8% frá árinu 2008. Innskriftir á árinu voru 384 eða 29% aukning frá árinu 2008.



Myndrit 16: Samanburður á samskiptum í mæðravernd árin 2008-2009

Ómskoðanir

Öllum verðandi mæðrum er boðið upp á ómskoðanir í 20.viku og síðan aftur við 34. viku meðgöngu. Heildarfjöldi ómskoðana á árinu voru 1.103 en voru 773 árið 2008 og það aukning um 43%.


Ung- og smábarnavernd

Deildarstjóri: Guðrún Guðmundsdóttir

Starfsemi

Markmið ung og smábarnaverndar er að fylgjast með vexti og þroska barna frá fæðingu til 6 ára aldurs, en þá tekur skólaheilsugæslan við. Farið er í 2 - 3 vitjanir (eða oftari) til nýfæddra barna á fyrsta mánuðinum. Eftir það mæta þau í 6 vikna skoðun til hjúkrunarfræðings og barnalæknis, og síðan í hefðbundnar skoðanir, þ.e. 3ja, 5, 6, 8, 10, 12 og 18.mánaða. Proskamat er framkvæmt við 2 ½ árs aldur og þá er einnig læknisskoðun og eru það samtals 307 börn, sem er hrein viðbót við

Ljósmeður sinna einnig símaráðgjöf fyrir verðandi mæður ásamt því að sjá um að bóka konur í fyrstu mæðraskoðun og voru á árinu skráð 1.652 símtöl.




Myndrit 17: Aldursskipting kvenna í mæðravernd árið 2009

Foreldrafræðsla

Verðandi foreldrum er boðið upp á fræðslunámskeið til að undirbúa sig fyrir fæðinguna, sængurleguna og brjóstagjöfina. Á árinu 2009 voru haldin 12 námskeið og voru 173 þátttakendur á þeim.

Það sem fyrir var. Einnig er nú verið að þroskameta 4 ára börn en þau þurfa öll að mæta aftur í bólusetningu 5 ára. Þá er verið að klára að skoða 5 ára börn og bólusetja þau þar sem sú skoðun dettur út eftir nokkra mánuði.

Mikið er um símaráðgjöf (2.208 skráð símtöl) og brjóstagjafaráðgjöf sem og fræðsla á mömmumorgnum í Keflavíkirkirkju og til stendur að vera líka með fræðslu í Sandgerðiskirkju og í Njarðvíkirkirkju.



Myndrit 18: Vitjanir og komur í ung- og smábarnavernd árin 2007-2009

Heildarfjöldi koma á árinu 2009 var 2.949 komur sem er 9% fækkun frá fyrra ári. Fjöldi vitjana breyttist ekki mikið milli ára, voru 778 vitjanir árið 2009 og 774 árið 2008. Ástæðan fyrir lítilli

breytingu á fjölda vitjana milli ára gæti verið sú að á árinu 2009 var farið að meðaltali í tvær vitjanir á barn en að meðaltali þrjár vitjanir árið 2008.

Komur í ung- og smábarnavernd	2009	2008	2007
6 vikna skoðun	332	274	326
0-1 árs læknisskoðun	1.097	1.146	1.022
18 mán., 3 ^{1/2} árs og 5 ára læknisskoðun	400	559	524
2 ^{1/2} árs þroskamat	17	0	0
3 ^{1/2} árs þroskamat	70	234	181
4 ára þroskamat	43	0	0
5 ára þroskamat	196	236	172
Komur til hjfr./sjúkral.	794	801	724
Komur alls:	2.949	3.250	2.949
Vitjanir alls	778	774	865

Tafla 7: Yfirlit yfir tegundir koma og vitjanir í ung- og smábarnavernd árin 2007-2009



Skólaheilsugæsla

Deildarstjóri: Guðbjörg Ágústa Sigurðardóttir

Starfsemi

Níu grunnskólar eru í umsjá skólaheilsugæslunnar og um 2.700 börn. Starfssvæði skólaheilsugæslu HSS er nokkuð dreift þar sem langt er á milli skólanna. Meginstörf skólaheilsugæslu felast í forvörnum í formi fræðslu, reglubundnu eftirliti með líkamlegri og andlegri heilsu barnanna og ónæmisaðgerðum. Einnig hafa hjúkrunarfræðingar verið með heilbrigðisfræðslu fyrir foreldra og starfsfólk skólans. Hjúkrunarfræðingur sinnir slysum og veikindum sem upp koma á skólatíma í viðveru hans og nemendum með langvinna sjúkdóma og fötlun.

Hjúkrunarfræðingar sinna í auknum mæli viðtölum við börn sem eiga við vanlíðan, kvíða og ýmis vandamál að stríða. Í framhaldi af því hefur orðið áherslubreyting í fræðslunni þar sem meira er um einstaklingsviðtöl vegna sjálfsmats um heilbrigði, óyndi, kvíða og vanlíðan af ýmsum toga. Hjúkrunarfræðingar unnu einnig að gerð ýmiss fræðsluefnis og aðlöguðu að aldri og þroska barnanna.


Síðastliðinn vetur tók deildarstjóri skólaheilsugæslu HSS þátt í þróunarverkefninu „Lagt í Vörðuna“ sem námsgagnastofnun hefur núna gefið út til kennslu í lífsleikni.

Hjúkrunarfræðingar eiga sæti í nemendaverndarráðum allra grunnskóla Suðurnesja og eru tengiliðir skóla, heimila og HSS. Einnig starfa hjúkrunarfræðingar í þverfaglegum teymum innan skóla um málefni barna með sérþarfir og þurfa sérstök úrræði. Hjúkrunarfræðingar eru boðaðir á skilafundi á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Bugl. Einnig voru hjúkrunarfræðingar vikulega á fundi með forvarnar- og meðferðarteymi HSS en því var hætt um mitt tímabil.

Heilsufarsskoðanir eru framkvæmdar í fjórum árgöngum, 1., 4., 7. og 9. bekk þar sem mæld er hæð, þyngd og sjón, en að auki eru heyrnar- og blóðþrýstingsmælingar í 9. bekk. Einnig eru framkvæmdar ónæmisaðgerðir í 7. og 9. bekk og litaskyn kannað. Tannvernd felur í sér flúorskolun 12 skipti yfir skólaárið á hvern árgang í 1., 7. og 10. bekk. Einnig fá nemendur kennslu um góða tannhirðu og gagnsemi hennar.

GRUNNSKÓLI	Haust			Vor		
	Drengir	Stúlkur	Alls	Drengir	Stúlkur	Alls
Akurskóli	191	168	359	191	168	359
Gerðaskóli	130	100	230	121	100	221
Grunnskólinn í Sandgerði	140	118	258	129	115	244
Háaleitisskóli	44	43	87	40	44	84
Heiðarskóli	223	239	462	221	238	459
Holtaskóli	232	200	432	228	196	424
Myllubakkaskóli	165	163	328	163	162	325
Njarðvíkurskóli	208	160	368	208	163	371
Vogaskóli	103	109	212	101	109	210
Alls:	1436	1300	2736	1402	1295	2697

Tafla 8: Fjöldi nemenda eftir skólum skólaárið 2009/2010




Myndrit 19: Fjöldi samskipta í grunnskólum skólaheilsugæslu HSS í Reykjanesbæ skólaárið 2009/2010

Fjöldi nemenda í grunnskólum skólaheilsugæslu HSS í Reykjanesbæ skólaárið 2009/2010 fækkaði um 6% miðað við skólaárið þar á undan. Heildarfjöldi samskipta við hjúkrunarfræðinga í skólaheilsugæslu voru 3.702 þar af voru nemendasamskipti 2.910. Þá voru skráðir alls 100

starfsmenn sem leituðu til hjúkrunarfræðings vegna eigin vandamála. Tilvísunum hjúkrunarfræðinga fækkaði verulega milli skólaára eða um 56%. Fjöldi nemenda sem voru sendir á slysadeild fækkaði einnig mikið eða um 50%.


Slysaskráning skólaheilsugæslu



Myndrit 20: Slysavaldur í grunnskólum skólaheilsugæslu skólaárið 2009/2010

Algengasti slysavaldur í grunnskólum skólaheilsugæslu var fall/hras eða 52%. Þá voru


högg af/við hlut (18%) og áverki frá öðrum (16%) nokkuð algengt.



Myndrit 21: Slysstaðir í grunnskólum skólaheilsugæslu skólaárið 2009/2010

Algengasti slysstaður í grunnskólum skólaheilsugæslu var á skólalóð (59%), þá voru 11% slysa á skólagöngum og 10% slysa í

skólastofu. Algengasta tegund áverka var tognun (22%), aðrir áverkar voru skráðir 17%, þá var höfuðhögg og mar einnig algengt eða 14% áverka.



Myndrit 22: Tegundir áverka í grunnskólum skólaheilsugæslu skólaárið 2009/2010

Heimahjúkrun


Deildarstjóri: Bryndís Guðbrandsdóttir

Yfirlæknir: Sigurður Árnason

Starfsemi

Starfsemi heimahjúkrunar hefur vaxið mikið undanfarin ár bæði að umfangi og fjölbreytni og er nú í fararbroddi á landinu með skipulag þjónustu. Skjólstæðingar HSS sem þurfa á heimahjúkrun að halda geta útskrifast um leið og virkri meðferð á sjúkrahúsi lýkur og enginn biðtími er eftir innlögn aftur á sjúkrahús ef þörf krefur. Einnig er mikil samvinna við félagsþjónustu allra sveitafélaganna á Suðurnesja sem og við aðrar heilbrigðisstofnanir.


Í maí 2009 sameinaðist heimahjúkrun í Grindavík heimahjúkrun í Reykjanesbæ til að nýta betur dýrmætan starfskraft. Einnig sameinaðist hjúkrunar- og endurhæfingardeild sjúkrahússins heimahjúkrun í september 2009. Við sameininguna skapast svigrúm til aukinnar samfellu og bættrar þjónustu. Í undirbúningi er opnun líknardeildar.



Myndrit 23: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir aldurstímabilum

Fjöldi vitjana í heimahjúkrun hefur aukist mikið milli áráanna 2008-2009. Fjöldi vitjana jókst um 32%, voru 17.120 árið 2008 en 22.630 árið 2009.


Þá hefur fjöldi sjúklinga í heimahjúkrun aukist um 1% milli áráanna 2008 (319 einstl.) og 2009 (321 einstl.)



Myndrit 24: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir kyni árið 2009

Helstu verkefni heimahjúkrunar
Eftirlit
Lyfjaumsjón
Aðstoð við sjálfsumönnun
Aðstoð við böðun/hreinlæti
Mæling lífsmarka
Aðstoð við klæðnað/snyrtingu
Lyfjagjöf um munn
Lyfjagjöf í auga
Mældur blóðsykur
Eftirlit með húð

Tafla 9: Helstu verkefni heimahjúkrunar árið 2009



Myndrit 25: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun eftir póstnúmeri skjólstaðings árið 2009




Forvarnar- og meðferðarteymi

Yfirsálfræðingur: Hrund Sigurðardóttir



Starfsemi

Kjarnaverkefni forvarna- og meðferðarteymis eru tvenns konar. Annars vegar vinna með 0-3 ára börn og foreldra þeirra, í nánum tengslum við mæðra- og ungbarnavernd, út frá hugmyndafræði *Nýja barnsins*. Hins vegar vinnur forvarnar- og meðferðarteymið með fjölskyldur 3-16 ára barna og meðferð barna sem sýna einkenni vanlíðunar eins og hegðunarerfiðleika, depurð og/eða kvíða. Teymið sinnir fjölskyldumeðferð, einstaklingsmeðferð, ráðgjöf og fræðslu.

Heildarfjöldi sjúklinga á árinu var 311 og fóru þeir í 982 viðtöl. Fjöldi nýrra tilvísanna var 169 en voru 192 árið 2008 (12% fækkun). Heildarfjöldi samskipta var 1.296 árið 2009 en árið 2008 var heildarfjöldi samskipta 1.753 og er þetta fækkun um 26% milli ára. Ástæðan fyrir þessari fækkun gæti verið sú að stöðugildi eins sálfræðings var minnkað úr 100% í 50%. Áhrifin koma helst fram í fækkun skjólstæðinga í aldurshópnum 0-10 ára.



Myndrit 26: Fjöldi samskipta í forvarnar- og meðferðarteymi HSS árin 2008-2009




Myndrit 27: Aldursskipting skjólstæðinga árið 2008

Myndrit 28: Aldursskipting skjólstæðinga árið 2009

Heilsugæslustöðin í Grindavík

Yfirhjúkrunarfræðingur: Laufey Birgisdóttir

Yfirlæknir: Sigurjón Kristinsson



Myndrit 29: Íbúafjöldi í Grindavík árin 2005-2009

Starfsemi


Heilsugæslustöðin í Grindavík er hulti af starfsemi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og skilgreinist sem H 2 stöð. Heilsugæslan er opin alla virka daga frá kl. 08:00 – 16:00. Vaktþjónusta lækna hefur verið sameiginleg HSS í Reykjanesbæ eftir kl. 16:00 en fram til 1. mars 2009 var vakt einu sinni í viku á heilsugæslunni í Grindavík. Símaþjónusta er sameiginleg HSS í Reykjanesbæ eftir kl. 16:00.

Þjónusta sem stendur skjólstæðingum til boða er m.a. almenn læknisþjónusta, almenn

Heilsugæslan í Grindavík þjónar íbúum í Grindavík. Íbúafjöldinn í lok desember 2009 er 2.841 og hefur fækkað um 8 íbúa frá árinu 2008.



móttaka hjúkrunarfræðinga, mæðravernd, ungbarnavernd, skólaheilsugæsla, heimahjúkrun (til 1. maí 2009), krabbameinsleit og ónæmisaðgerðir. Auk þess er sérfræðingur í kvensjúkdómum með reglubundna móttöku og lífeindafræðingur kemur einu sinni í viku. Þá er þjónusta augnlæknis, næringarráðgjafa, sálfræðings og félagsráðgjafa.



Myndrit 30: Fjöldi viðtala, símtala og vitjana í Grindavík 2007-2009



Fækkun var á fjölda viðtala (13%), símtala (22%) og vitjana (36%) milli árána 2008 og 2009 á heilsugæslunni í Grindavík. Ástæða þessarar fækkunar er breyting á starfsemi heilsugæslunnar, sem hefur verið töluverð frá síðasta ári. Mikið af þessum breytingum eru vegna niðurskurðar sem gerður var hjá stofnuninni. Flestar þær breytingar þýða skerðingu á þjónustu við íbúa á svæðinu og

Hjúkrunarmóttaka í Grindavík


Starfsemi

Hlutverk hjúkrunar er að styrkja heilbrigði og fyrirbyggja sjúkdóma og slys. Hjúkrunarfræðingar veita margvíslega þjónustu á heilsugæsluviði, m.a. stuðningsviðtöl, heilsueflandi ráðgjöf og kennslu varðandi heilbriggt lífni, t.d. hollt mataræði, skaðsemi reykinga og vímuefna og

eru vonandi tímabundnar. Ástæða mikillar fækkunar á fjölda vitjana er að öll heimahjúkrun heilsugæslunnar í Grindavík var færð til heimahjúkrunar heilsugæslunnar í Reykjanesbæ frá 1. maí 2009.

Heildarfjöldi samskipta á heilsugæslunni í Grindavík fækkaði einnig milli árána 2008-2009 eða um 16%.

notkun getnaðarvarna. Þeir sjá um sáraskiptingar, lyfjatiltekt, vítamína-, hormóna- og járngjafir. Hjúkrunarfræðingar sjá um berklapróf og ýmis konar ónæmisaðgerðir t.d. gegn influensu, lungnabólgu og ferðamannaónæmisaðgerðir.



Myndrit 31: Móttaka hjúkrunarfræðinga í Grindavík - samskipti 2007-2009

Mikil aukning var í móttöku hjúkrunarfræðinga milli árána 2008 – 2009 eða 39% og má m.a. rekja ástæðuna til svínainflúensubólusetningar.




Mæðravernd í Grindavík

Starfsemi

Tilgangur og markmið mæðraverndar er að stuðla að heilbrigði móður og barns, stuðla að eðlilegri og ánægjulegri fæðingu og að undirbúa verðandi foreldra undir hlutverk sitt með fræðslu um: meðgöngu, fæðingu og meðferð ungbarna, getnaðarvarnir og fjölskylduáætlanir.

Ljósmeður og sérfræðingar í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp annast reglubundið mæðraeftirlit. Æskilegt er að fyrsta skoðun fari fram fyrir 11. – 12. viku meðgöngu. Á því tímabili er foreldrum einnig boðið upp á snemmsónar. Gerð er skýrsla um konuna og veitt fræðsla um þungunina, fæðinguna og hvernig mæðraeftirliti er háttað.



32: Heildarfjöldi samskipta í mæðravernd í Grindavík 2007-2009

Heildarfjöldi samskipta í mæðravernd árið 2009 var 161 sem er töluverð lækkun frá fyrra ári en þá var heildarfjöldi samskipta í mæðravernd 467. Þetta er 66% fækkun milli ára. Ástæðan gæti m.a. verið minnkað stöðugildi ljósmóður á



Framhaldsskoðanir eru síðan eftir fyrirfram ákveðinni áætlun miðað við áhættuþætti og óskir foreldra. Öllum konum er boðið upp á ómskoðun í kringum 19. – 20. viku og 33. viku meðgöngu. Kvensjúkdómalæknir á heilsugæslunni í Reykjanesbæ er ljósmóður innan handar ef þörf krefur.

Verðandi foreldrum er boðið uppá sérstaka fræðslutíma fyrir fæðingu barns. Einnig veitir HSS í Reykjanesbæ foreldrafræðslu.



Myndrit


heilsugæslunni í Grindavík og fjöldi skoðana var fækkað talsvert. Heildarfjöldi kvenna sem voru í mæðravernd í Grindavík er einnig heldur minni en árið áður, þær voru 41 árið 2009 en 68 árið 2008.

Ung- og smábarnavernd í Grindavík

Starfsemi

Markmið ung- og smábarnaverndar er að fylgjast með vexti og þroska frá fæðingu barns til skólaaldurs ásamt því að veita foreldrum fræðslu og stuðning. Hjúkrunarfræðingur heimsækir foreldra tvisvar til þrisvar sinnum eftir fæðingu og oftast ef þurfa þykir. Fyrstu átján mánuðina kemur barnið í reglulegar skoðanir til

hjúkrunarfræðings og læknis, þar sem fylgst er með andlegum, félagslegum og líkamlegum þroska ásamt bólusetningum. Sem fyrr voru þroskapróf framkvæmd á leikskólum bæjarins. Í september varð svo breyting á skipulagi skoðana þannig að í stað 3 ½ árs og 5 ára skoðana eru þroskapróf gerð hjá 2 ½ árs og 4 ára börnum.



Myndrit 33: Ung- og smábarnavernd í Grindavík - samanburður árin 2007-2009

Heildarfjöldi samskipta í ung- og smábarnavernd var 794 sem er 15% minna en árið á undan þegar samskiptin voru alls 936. Fjöldi vitjana í heimahús voru alls 104 sem er aðeins færri en árið á undan.

Brjóstgjöf

Á meðgöngutíma og eftir fæðingu barns er lögð áhersla á árangursríka brjóstgjöf, þar sem stuðst er við 10 þrep til vel heppnaðrar brjóstgjafar samkvæmt (WHO/UNICEF, 1989).



Líðan konu eftir barnsburð

Þunglyndiskvarði (Edinborgarkvarði) er notaður til að leita að einkennum þunglyndis hjá konum eftir barnsburð. Þetta mat er gert á heimili viðkomandi. Ef úrræða er þörf, aðstoðar hjúkrunarfræðingur við leit að þeim.



Skólaheilsugæsla í Grindavík

Starfsemi

Á svæði heilsugæslunnar er einn skóli og var fjöldi nemenda á síðasta skólaári um 460. Markmið heilsugæslu í skólum er að stuðla að andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði skólabarna. Fylgst er náið með börnunum og ef frávik finnast eru gerðar viðeigandi ráðstafanir.


Skólahjúkrunarfræðingar sinna eftirliti með heilbrigði nemenda, veita heilbrigðisfræðslu, einstaklingsbundna fræðslu og meðferð og skila skýrslum í lok skólaárs. Heilsufarsskoðanir eru framkvæmdar í fjórum árgöngum; 1., 4., 7. og 9.

bekk þar sem mæld er hæð, þyngd og sjón en að auki eru heyrnarmælingar í 1. og 9. bekk og blóðþrýstingsmælingar í 9. bekk. Einnig eru framkvæmdar ónæmisaðgerðir í 7. og 9. bekk og litaskyn kannað í 7. bekk.

Í heilbrigðisfræðslu er fjallað um hreinlæti, hollt mataræði, skólanesti, tannvernd, kynþroska, kynsjúkdóma, getnaðarvarnir, reykingar, fíkniefni og fleira.

Grindavíkurskóli					
Haust			Vor		
Drengir	Stúlur	Alls	Drengir	Stúlur	Alls
242	225	467	242	216	458


Tafla 10: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010




Myndrit 34: Skólaheilsugæsla í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010

Nemendur voru 463 á skólaárinu 2009/2010 í Grunnskóla Grindavíkur og er það 6% fækkun frá fyrra skólaári. Heildarfjöldi samskipta hjúkrunarfræðings í skólaheilsugæslu Grindavíkur var 1.005, þar af voru nemendasamskipti 905,


sem er aukning um 5% frá fyrra skólaári. Fækkun var í ónæmisaðgerðum um 32% milli skólaára. Tilvísanir jukust um 25% milli skólaára og nemendum sem fóru á slysa-deild fækkaði um 19%.



Myndrit 35: Slysavaldar í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010



Myndrit 36: Slysstaðir í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010




Myndrit 37: Tegundir áverka í Grunnskóla Grindavíkur skólaárið 2009/2010

Heimahjúkrun í Grindavík (til 30. Apríl 2009)


Starfsemi

Hjúkrunarfræðingar heilsugæslunnar sinntu heimahjúkrun í Grindavík fram til 1. maí en þá var öll heimahjúkrun færð til

heimahjúkrunar í Reykjanesbæ. Eftirfarandi tölur eru birtar fyrir fyrstu fjóra mánuði ársins 2009.



Myndrit 38: Fjöldi vitjana í heimahjúkrun í Grindavík 2009 eftir aldurstímabilum



Myndrit 39: Hlutfall vitjana í heimahjúkrun eftir kyni í Grindavík 2009


Sjúkrahús - starfsemi

Legudeild	Tegund deildar	Fjöldi legurúma
D-deild	Blönduð hand- og lyflækningadeild	23
A-deild	5 daga deild	16
F-deild	Fæðinga- og kvensjúkdómadeild	8
G-deild	Hjúkrunardeild í Grindavík	25


Tafla 11: Heildarfjöldi legurúma (bráðarúm 31)

Legurúm á sjúkrahúsinu voru alls 72 árið 2009, þar af voru 31 bráðarúm.


Heildaryfirlit yfir starfsemi legudeilda



Myndrit 40: Heildarfjöldi innlagna á HSS -
*Ath. nýburar alls 273 eru ekki taldir með



Myndrit 41: Heildarfjöldi legudaga á HSS



Myndrit 42: Hlutfallsleg skipting innlagna eftir sérgreinum árið 2009

D-deild

Lyf- og handlækningadeild

Hjúkrunardeildarstjóri: Bryndís Sævarsdóttir


Yfirlæknir lyflækningadeildar: Sigurður Þór Sigurðarson

Yfirlæknir handlækningadeildar: Árni Leifsson

Starfsemi

Deildin er blönduð handlækninga- og lyflækningadeild með 23 legurúm. Starfsemi deildarinnar er umfangsmikil og fjölbreytt. Við deildina starfa reyndir hjúkrunarfræðingar á ýmsum sviðum og sjúkraliðar ásamt lyflæknum og skurðlæknum með undirsérgreinar, s.s. í lungna-,


hjarta- og meltingarfærasjúkdómum, ásamt sérfræðingi í krabbameinslækningum og sérfræðingi í almennum skurðlækningum og bæklunarlækningum. Göngudeild krabbameinssjúkra var tekin í notkun á síðasta ári þar sem sérþjálfaðir hjúkrunarfræðingar sjá um krabbameinslyfjagjafir.



Myndrit 43: Heildarfjöldi innlagna eftir mánuðum á D-deild árin 2006-2009


Á árinu voru alls 1.138 innlagnir, sem er 32% fækkun frá árinu 2008 (1.677 innlagnir). Ástæðan fyrir þessari fækkun má m.a. rekja til NORO veirusýkingar sem var í ársbyrjun 2009 og deildin lokuð í tæpar 3 vikur vegna hennar. Þá hefur

aðgerðarsjúklingum fækkað á deildinni, t.d. sjúklingar sem hafa farið í hálskirtlatöku og FESS/septum aðgerðir sem í flestum tilfellum útskrifast beint heim af vöknun í stað þess að leggjast inn eins og áður var.



Myndrit 44: Heildarfjöldi legudaga á D deild árin 2006-2009





Myndrit 45: Fjöldi innlagna eftir sérgrein á D-deild 2006-2009

Rúmanýting var að meðaltali 85% á árinu 2009, minnst í ágúst (61%) og mest í júní (95%). Heildarfjöldi legudaga á D-deild hefur fækkað um 13% milli árána 2008 (8.120) og 2009 (7.104). Meðallegutími hefur aftur á móti aukist milli ára, en árið 2008 var meðallega 4,3 dagar en árið 2009 5,4 dagar. Hlutfall sjúklinga 67 ára og eldri

var 48% af öllum innlögnum á deildina. Meðalaldur sjúklinga á handlækningasviði var 48 ár, en 66 ár á lyflækningasviði. Fækkun innlagna á handlækningasviði var 54% á milli árána 2008 (621) og 2009 (286). Á lyflækningasviði fækkaði innlögnum um 19% milli árána 2008 (1.056) og 2009 (852).


Sérgrein	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegu-dagafjöldi
Lyflækningar	852	66 ár	7,38
Endurhæfing	59	71 ár	14,37
Handlækningar	286	48 ár	3,65
Almennar handl.	155	48 ár	3,65
HNE	13	29 ár	1,21
Bæklunarlækningar	79	67 ár	14,90
Lýtalækningar	35	41 ár	1,95
Fæð.- og kvensjúkd.l.	4	53 ár	1,82

Tafla 12: Innlagnir eftir sérgrein á D-deild árið 2009

Sérgrein	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegu-dagafjöldi
Lyflækningar	1.056	66 ár	4,40
Endurhæfing	103	72 ár	8,80
Handlækningar	621	38 ár	2,40
Almennar handl.	252	38 ár	2,40
HNE	150	17 ár	1,20
Bæklunarlækningar	86	72 ár	8,80
Lýtalækningar	75	40 ár	1,80
Fæð.- og kvensjúkd.l.	58	37 ár	1,20

Tafla 13: Innlagnir eftir sérgrein á D-deild árið 2008


Göngudeildarþjónusta



Myndrit 46: Heildarfjöldi koma á D- göngudeild

Heildarfjöldi koma á göngudeild til hjúkrunarfræðinga á D-deild árið 2009 var 395, sem er 15% aukning frá fyrra ári.

Helstu ástæður fyrir komu á göngudeild voru krabbameinslyfjagjafir og sýklalyfjagjafir.



F-deild

Fæðinga- og kvensjúkdómadeild

Yfirljósmóðir: Guðrún Guðbjartsdóttir


Yfirljósmóðir: Anna Rut Sverrisdóttir

Yfirlæknir: Konráð Lúðvíksson

Starfsemi


Á deildinni eru 8 legurúm. Deildin sinnir konum í fæðingu, sængurlegu og þeim konum sem þurfa innlagnar við á meðgöngu. Einnig eru konur lagðar inn á deildina eftir kvensjúkdómaáðgerðir og vegna kvensjúkdóma. Mikil göngudeildarþjónusta er tengd meðgöngu og

barneignum. Sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómum er starfandi við deildina. Sérstakt hjónaherbergi, sem er ætlað foreldrum fyrsta sólarhringinn eftir barnsburð, var tekið til notkunar í byrjun sumars 2009. Nú eru tvö slík herbergi til boða handa verðandi foreldrum.




Myndrit 47: Heildarfjöldi innlagna á F-deild 2006-2009

Heildarfjöldi innlagna á F-deild árið 2009 var 539, sem er 5 % aukning frá fyrra ári. Alls voru það 455 einstaklingar sem voru lagðir inn á F-deild árið 2009. Þess má geta að nýburar eru ekki skráðir sem innlagnir á F-deild en heildarfjöldi nýbura á árinu 2009 var 273. Heildarfjöldi legudaga á F-deild árið 2009 var 1.346, sem er



Myndrit 48: Heildarfjöldi legudaga á F-deild 2006-2009

21% aukning frá fyrra ári. Meðallega var 2,3 dagar árið 2009 en árið 2008 var meðallega 2,0. Meðalaldur kvenna sem lagðar voru inn á F-deild vegna meðgöngu og fæðingar var 31 ár og meðalaldur kvenna sem lagðar voru inn á F-deild vegna kvensjúkdóma var 48 ár




Myndrit 49: Hlutfallsleg skipting innlagna á F-deild eftir ástæðu innlagnar




Göngudeildarþjónusta

Á árinu voru alls 1.137 komur á göngudeild sem er aukning um 20% frá fyrra ári. Þjónustuna nota barnshafandi konur sem koma í hjartsláttarrit,

mat á byrjandi fæðingu, nálastungur og mæður með vandamál tengt brjóstgjöf, svo fátt eitt sé upp talið.



Myndrit 50: Fjöldi komu á göngudeild F-deildar 2006-2009




Myndrit 51: Helstu ástæður fyrir komu á göngudeild F-deildar


Fæðingar

Heildarfjöldi fæðinga árið 2009 var 273, sem er 9% aukning milli ára. Fæðingar utan

þjónustusvæðis HSS eru 4% af heildarfjölda fæðinga.



Myndrit 52: Heildarfjöldi fæðinga eftir mánuðum á F-deild 2006-2009



Myndrit 53: Heildarfjöldi fæðinga á F-deild 2006-2009



Upplýsingar tengdar fæðingum

FÆÐINGAR	2006	2007	2008	2009
Fjöldi fæðinga	204	247	251	273
Frumbyrjur	37%	29%	37%	36%
Fjölbyrjur	63%	71%	63%	64%
Vatnsfæðingar	12%	21%	17%	27%
Tvíburar	2	1	1	0
Fjöldi keisaraskurða	33	36	31	38 (14%)
Bráðakeisarar	11	17	11	13 (5%)
Valkeisarar	22	19	20	25 (9%)
Gangsetningar	19%	15%	19%	15%
Mænurótardeyfing	15%	13%	17%	11%
Pethidin	13%	11%	10%	14%
Nálastungur í fæðingu				22%
Sogklukka	10%	4%	4%	3%
Heil spöng		41%	34%	33%
Tíðni 1° spangarrofs		25%	25%	27%
Tíðni 2° spangarrofs		22%	27%	28%
Tíðni 3° spangarrofs		4%	5%	4%
Tíðni 4° spangarrofs		0,4%	0,8%	0,4%
Spangarklipping		7%	8%	7%
Heimaþjónusta e. fæðingu				43%

Tafla 14: Upplýsingar tengdar fæðingum - %tölur eru hundradshluti

Hér hefur tíðni vatnsfæðinga verið hæst á landsvísu undanfarin ár og þetta árið voru þær 27% allra fæðinga eða 74 talsins. Tíðni keisaraskurða er 14% (9% valkeisarar og 5% bráðakeisarar) sem er svipað og síðastliðin ár og

er vel undir landsmeðaltali. Sogklukkufæðingar voru alls 8 eða 3% af heildarfjölda fæðinga og gangsetningar voru alls 40 eða 15% af heildarfjölda fæðinga. Dregið hefur úr hvorutveggja.



A- og B- deildir

Hjúkrunar og endurhæfingardeild heimahjúkrunar

Hjúkrunardeildarstjóri: Rósa Víkingsdóttir til september 2009

Hjúkrunardeildarstjóri: Bryndís Guðbrandsdóttir frá september 2009


Yfirlæknir: Sigurður Árnason

Starfsemi

A- deild er 5 daga hjúkrunar- og endurhæfingardeild og starfaði sem slík frá janúar til september 2009. Í september 2009 sameinaðist hjúkrunar- og endurhæfingardeild sjúkrahússins heimahjúkrun. Við sameininguna skapaðist svigrúm til aukinnar samfellu og bættrar þjónustu. Meginstarf deildarinnar er að bjóða upp á einstaklingsmiðaða meðferð, endurhæfingu, lyfja- og verkjameðferðir, hvíldarinnlagnir og bráðainnlagnir fyrir

skjólstæðinga heimahjúkrunar. Lengd dvalar getur því verið mismunandi eftir þörfum einstaklinga.


B-deild sinnir göngudeildarþjónustu, s.s. inndælingu lyfja, blóðgjafir og fleira. Þessum sjúklingum er sinnt á göngum deildarinnar eins og er en verið er að undirbúa, með hjálp líknarfélaga á svæðinu, sérstaka stofu sem staðsett er í gömlu skurðstofueiningunni á sama gangi. Í undirbúningi er opnun líknardeildar.




Myndrit 54: Heildarfjöldi innlagna á mánuði á A-deild árin 2007-2009

Milli árana 2007 – 2008 varð mikil aukning á fjölda innlagna á A-deild vegna breytinga á starfsemi deildarinnar. Deildin varð 7 daga legudeild frá 1. janúar til 31. maí 2008. Eftir það tók D-deild við starfsemi skurðsjúklinga. Starfsemi A-deildar breyttist aftur í september 2009 en þá sameinaðist hjúkrunar- og endurhæfingardeild sjúkrahússins heimahjúkrun.

A- og B-deildirnar voru lokaðar 26. júní - 10. ágúst. Meðalrúmanýting á árinu 2009 93% og meðallegudagafjöldi var 7,3. Fjöldi innlagna árið 2009 var 285, sem er 28% aukning frá fyrra ári. Fjöldi legudaga var 2.454 árið 2009 sem er 4% aukning frá fyrra ári. Alls voru 143 einstaklingar lagðir inn á A-deild árið 2009.



Myndrit 55: Heildarfjöldi innlagna á A-deild 2006-2009



Myndrit 56: Heildarfjöldi legudaga á A-deild 2006-2009


Sérgrein	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegudagafjöldi
Endurhæfing	97	75 ár	17,00
Hvíldarinnlagnir	89	80 ár	7,65
Alm. Lyflækningar	99	71 ár	4,31

Tafla 15: Innlagnir á A-deild eftir sérgrein árið 2009

Sérgrein	Fjöldi innlagna	Meðalaldur sjúklinga	Meðallegudagafjöldi
Endurhæfing	127	74 ár	13,00
Hvíldarinnlagnir	50	83 ár	8,50
Alm. Lyflækningar	36	69 ár	8,20
Handlækningar	10	41 ár	1,60

Tafla 16: Innlagnir á A-deild eftir sérgrein árið 2008

Göngudeildarþjónusta B-deildar




Myndrit 57: Heildarfjöldi koma á B-deild



Heildarfjöldi koma á göngudeild til hjúkrunarfræðinga á B-deild árið 2009 var 429, sem er 6% aukning frá fyrra ári.

Helstu ástæður fyrir komu á göngudeild voru almenn endurhæfing, járn- og lyfjagjafir og

hjartaendurhæfing. Alls voru 100 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu B-deildar og var meðalaldur þeirra 60 ár.



Myndrit 58: Helstu ástæður fyrir komu á göngudeild B-deildar



Víðihlíð í Grindavík

Hjúkrunardeild

Yfirhjúkrunarfræðingur: Edda Bára Sigurbjörnsdóttir

Deildarstjóri: Ingibjörg Þórðardóttir

Læknir: Þorsteinn Bergmann – til 31. ágúst 2009

Læknir: Bragi Þór Stefánsson – frá 1. september 2009


Starfsemi

Víðihlíð er hjúkrunardeild fyrir aldraða. Þar eru rúm fyrir 25 vistmenn. Innlagnir á árinu voru alls 30 sem er sami fjöldi og árið áður. Legudögum fjölgaði lítillega, eða um 2% og meðaltals rúmanýting var 97%. Meðalaldur sjúklinga var 82 ár. Meðallegudagafjöldi árið 2009 var 27,5 dagar.




RAI – mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa) var gert þrisvar samkvæmt reglum. Niðurstöður varðandi hjúkrunarþyngdarstuðla voru eftirfarandi:


- janúar – febrúar: 1.04 (landið allt 1.01)
- maí – júní: 1.02 (landið allt 1.02)
- september – október: 1.02 (landið allt 1.02)



Myndrit 59: Heildarfjöldi innlagna í Víðihlíð 2006 - 2009



Myndrit 60: Heildarfjöldi legudaga í Víðihlíð 2006 – 2009



Myndrit 61: Heildarfjöldi legudaga í Víðihlíð eftir mánuðum - 2007 - 2009

Skurðstofur og svæfingadeild

Hjúkrunardeildarstjóri skurðstofu: Ásdís Johnsen


Hjúkrunardeildarstjóri svæfingadeildar: Rut Þorsteinsdóttir

Yfirlæknir: Árni Leifsson


Starfsemi

Skurðstofa og svæfingadeild eru opin frá mánudegi til fimmtudags. Bakvaktir eru á mánudögum frá kl. 16:00 - 20:00, þriðjudögum frá kl. 16:00 – 08:00 næsta morgunn, miðvikudögum frá kl. 16:00 – 08:00 næsta morgunn og fimmtudögum frá kl. 16:00 – 20:00. Skurðstofa og svæfingadeild var lokað í 6 vikur frá 26. júní til 10. ágúst. Einnig var lokað frá 23. desember til 2. janúar. Tvær skurðstofur og speglunarstofa eru til staðar. Önnur skurðstofan er í fullri notkun, svo og speglunarstofan.

Á árinu fóru alls 1.100 einstaklingar í 1.266 skurðaðgerðir og speglanir, 275 inniliggjandi sjúklingar og 825 ferlisjúklingar. Þetta er 10% samdráttur frá fyrra ári, en þá voru aðgerðarsjúklingar alls 1.228. Fjöldi bráðaaðgerða var 75 sem er 25% aukning frá fyrra ári. Skjólstæðingar komu víðs vegar að, einkum af Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu.



Myndrit 62: Heildarfjöldi einstaklinga sem fóru í aðgerð/speglun á skurðstofum HSS




Myndrit 63: Heildarfjöldi skurðaðgerða á skurðstofu eftir tegund sérgreinar 2009




Ath. Aðgerðir gerðar í gegnum speglun EKKI meðtaldar.

Heildarfjöldi skurðaðgerða árið 2009 var 858 og eru speglanir **ekki** meðtaldar. Speglanir voru 408 og er það aukning um 42%. Aðgerðir gerðar í gegnum speglun hafa aukist undanfarin ár og má

þar helst nefna; gallblöðrunám, botnlangataka, fjarlægja sepa, ófrjósemisaðgerð á konum og margt fleira.



Myndrit 64: Heildarfjöldi speglana eftir tegund árið 2009



Myndrit 65: Yfirlit yfir fjölda svæfinga og deyfinga á skurðstofu 2007-2009

Fjöldi svæfinga og deyfinga á árinu var 1.048, sem er 15% fækkun frá fyrra ári. Svæfingar voru alls

726 og deyfingar 322. Fjöldi rúss sem gefið var með deyfingu var 43 á árinu 2009.

Deyfingar	Fjöldi
Staðdeyfing	142
Slímhúðar	90
Spinaldeyfing	49
Fæðingaepidural	30
Epidural	6
Verkjaepidural	4
Leiðslu	1
Samtals deyfingar:	322

Tafla 17: Yfirlit yfir fjölda deyfinga eftir tegund 2009




Móttaka sérfræðinga

Umfangsmikil móttaka sérfræðipjónustu er til staðar innan veggja HSS. Bæði er um að ræða

móttöku sjúklinga á stofu og starfsemi á skurðstofu og legudeildum.

Eftirfarandi sérgreinar voru starfræktar við HSS árið 2009:

- ✓ Almennar skurðlækningar
- ✓ Almennar lyflækningar
- ✓ Augnlækningar
- ✓ Barnalækningar
- ✓ Bæklunarlækningar
- ✓ Háls-, nef-, og eyrnalækningar
- ✓ Hjartalækningar
- ✓ Innkirtlalækningar
- ✓ Kvensjúkdóma- og fæðingalækningar
- ✓ Krabbameinslækningar
- ✓ Lungnalækningar
- ✓ Meltingarfæralækningar
- ✓ Lýtalækningar



Sérfræðingur	Sérgrein	Fjöldi
Árni Leifsson	Almennar Skurðlækningar	579
Guðjón Karlsson	Hjartalækningar	407
Konráð Lúðvíksson	Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar	1.014
Ólafur Ingimarsson	Bæklunarlækningar	387
Sigurður Árnason	Krabbameinslækningar	78
Sigurður Björnsson	Barnalækningar	242
Sigurður Einarsson	Meltingarlækningar	233
Sigurður Þór Sigurðarson	Lungnalækningar	401
Úlfur Agnarsson	Barnalækningar	521
Samtals:		3.862

Tafla 18: Fjöldi koma á göngudeild sérfræðinga HSS árið 2009

Rannsóknadeild


Yfirlífeindafræðingur: Sigurlaug Þráinsdóttir

Yfirlæknir: Sigurður Þór Sigurðarson

Starfsemi

Allar almennar blóðrannsóknir, þvagskoðanir og almennar sýklarannsóknir eru gerðar á rannsóknadeild HSS. Rannsóknadeildin er opin alla virka daga frá kl. 08:00 - 15.30. Utan þess er vaktþjónusta til miðnætis alla daga vikunnar.


Rannsóknadeildin er einnig með starfsemi á heilsugæslunni í Grindavík alla fimmtudaga frá kl. 08:30 – 09:30 og blóðtökur í Víðihlíð á fimmtudögum eftir þörfum. Sýntökum er sinnt eftir þörfum á Garðvangi og Hlévangi.



Myndrit 66: Heildarfjöldi rannsókna og rannsóknareininga 2007-2009

Heildarfjöldi rannsókna árið 2009 var 87.588 sem er 6% fækkun frá árinu áður. Heildarfjöldi

rannsóknareininga fækkaði einnig um 6% milli ára.




Myndrit 67: Samanburður á fjölda algengustu blóðrannsóknanna árið 2009

Algengast er að þegar beðið er um blóðstatus að þá er einnig beðið um rannsókn á Natríum, Kalíum og Kreatínin. Frá árinu 2007 hefur verið




5% aukning á blóðstatus og Kreatínin rannsóknum.



Myndrit 68: Samanburður á heildarfjölda rannsóknasýna hjá inniliggjandi sj. vs. ferlisj.

Heildarfjöldi rannsóknasýna hjá ferlisjúklingum hefur aukist um 21% en fækkað um 6% hjá inniliggjandi sjúklingum. Rannsóknasýnum sem hafa verið send til LSH hefur fækkað um 2%. Rannsóknasýnum sem hafa verið send til

blóðbanka hefur fjölgað um 6%. Þá hefur vefjasýnum sem hafa verið send frá HSS til greiningar fækkað um 17%. Reynt hefur verið að draga sem mest úr því að senda sýni frá HSS til greiningar vegna kostnaðar.



Myndrit 69: Fjöldi sendra rannsóknasýna árin 2007-2009



Röntgendeild / Myndgreining


Yfirgeislafræðingur: Stella María Thorarensen

Yfirlæknir: Sigurjón Kristinsson

Starfsemi


Röntgendeildin sinnir öllum almennum röntgen-, tölvusneiðmynda og ómskoðunum. Röntgendeildin þjónar deildum sjúkrahússins, jafn sem sjúklingum í eftirliti á vegum lækna þar og

stofnana tengdum sjúkrahúsinu og öðrum tilvísandi læknum. Deildin er opin alla virka daga frá kl. 08:00 til 15:30. Utan þess er vaktþjónusta til miðnættis alla daga vikunnar.




Myndrit 70: Heildarfjöldi skjólstæðinga og rannsókna 2007-2009

Heildarfjöldi rannsókna á árinu 2009 voru 5.415 rannsóknir sem er 11% fækkun frá fyrra ári. Fjöldi sjúklunga var 4.271 sem er 11% fækkun frá árinu áður.



Heildarfjöldi ómskoðana á árinu 2009 var 632 sem er 1% aukning frá fyrra ári. Þá var heildarfjöldi skjólstæðinga sem fóru í ómskoðanir 321, sem er 3% aukning frá fyrra ári.




Myndrit 71: Fjöldi skjólst. sem fóru í ómskoðanir og fjöldi ómskoðana á röntgend. HSS 2007-2009



Tölvusneiðmyndataeki

Á haustmánuðum 2007 gaf Kaupfélag Suðurnesja HSS mjög höfðinglega peningagjöf til kaups á tölvusneiðmyndataeki (TS). Strax var hafist handa við að leita hagstæðra tilboða.

Tilboði frá A.Karlsson var tekið, en þeir eru með umboð fyrir General Electric búnað sem er mjög framarlega í þróun slíkra tækja. Í framhaldi af því var farið í að kostnaðargreina þær breytingar á húsnæðinu sem tölvusneiðmyndarannsóknir yrðu gerðar í. Um áramótin 2008-2009 tóku Fasteignir ríkisins við rekstri húseignanna og á haustmánuðum 2009 var hafist handa við húsnæðisbreytingar og geislafræðingar HSS fóru í



Myndrit 72: Heildarfjöldi TS-rannsókna og sjúklinga frá miðjum desember 2009 til ársloka 2009

þjálfun á TS-tæki bæði á LSH og hjá Röntgen Domus.

Tölvusneiðmyndataekið var loks tekið í notkun á HSS um miðjan desember 2009.

Enginn vafi er á þörfinni fyrir TS-tæki á Suðurnesjum. Samkvæmt upplýsingum frá Brunavörnum Suðurnesja voru um 300 sjúkraflutningar til höfuðborgarsvæðisins vegna TS-rannsókna. Þá eru ótaldir þeir sjúklingar sem fóru á eigin vegum í slíkar rannsóknir. Þetta tæki á eftir að bæta þjónustu við íbúa Suðurnesja svo um munar.



Sjúkraþjálfun


Yfirsjúkraþjálfari: Sara Guðmundsdóttir

Yfirlæknir: Sigurður Þór Sigurðarson

Starfsemi

Starfsemi sjúkraþjálfunar fer fram alla virka daga frá 08:00 – 16:00. Sjúkraþjálfarar sinna að mestu sjúkrahússviði, þ.e. D-deild og A-deild. Auk þess sinna þeir þjálfun vistmanna í Víðihlíð í Grindavík. Sem fyrr sóttu starfsmenn deildarinnar ýmis námskeið og fræðslu ásamt því að miðla af okkar þekkingu til starfsmanna HSS.

Í byrjun árs var ákveðið að loka þjálfunarlauginni tímabundið í sparnaðarskygni og er nokkur missir að því. Í apríl var byrjað að veita svokallaða 1b hjartaendurhæfingu í göngudeildarformi, sem er frumendurhæfing fyrir fólk sem er að stíga sín fyrstu skref eftir hjartaþræðingu eða opna




Myndrit 73: Fjöldi meðferða og tímaeininga innliggjandi sjúklunga


Heildarfjöldi meðferða á árinu 2009 var 4.008 sem er 13% aukning frá fyrra ári. Heildarfjöldi meðferða á ferlisjúklingum árið 2009 var 130 sem er 274% aukning frá fyrra ári. Aðrar meðferðir/verk sem framkvæmd voru hjá

skurðaðgerð og þarf að vera undir nánu eftirliti við þjálfunina. Hér er samstarf við hjartalækni, næringarráðgjafa og félagsráðgjafa nauðsynlegt og er til staðar á HSS. Heildarfjöldi meðferða á göngudeild var 178 árið 2009.

Á haustmánuðunum var hollenskur sjúkraþjálfunarnemi í starfsnámi hér í 15 vikur og vann meðal annars að verkefni þar sem heilbrigðisþjónusta hér á Íslandi og Hollandi var borin saman ásamt hefðbundnu starfsnámi.




sjúkraþjálfun árið 2009 voru 1.147 sem er 81% aukning frá fyrra ári. Ástæðan fyrir þessari miklu aukningu er vegna þess að starf iðjuþjálfva var lagt niður í ársbyrjun 2009 á HSS. Eftir það tóku sjúkraþjálfarar við einhverjum af hans störfum.




Myndrit 74: Hlutfallsleg skipting á fjölda meðferða milli deilda árið 2008

Áreynslupróf eru framkvæmd vikulega í sal sjúkrahjálfnar í samvinnu við hjartalækni. Mikil aukning var á áreynsluprófum milli ára 2007-



Myndrit 75: Hlutfallsleg skipting á fjölda meðferða á milli deilda árið 2009

2008 eða 43% aukning. Árið 2009 voru áreynslupróf 199 sem er 30% fækkun frá fyrra ári.



Lyfjanefnd


Formaður: Sigurður Árnason

Lyfjanefnd HSS er skipuð fjórum aðilum, Sigurði Árnasyni yfirlækni og formanni nefndarinnar, Sigurði Þór Sigurðarsyni framkvæmdastjóra lækninga, Þórunni Benediktsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar og Svavari Jóhannessyni lyfjafræðingi.

Starfsemi

Nefndin hefur starfað síðan árið 2004 og hefur að markmiði að gæta öryggis og hagkvæmni í

lyfjaval og innkaupum lyfja. Nefndin gefur út lyfjalista sem er endurskoðaður með ákveðnu millibili. Helstu verkefni lyfjanefndar HSS árið 2009 voru eftirlit með innkaupum, notkun lyfja og endurskoðun/uppfærsla lyfjalista. Þá var einnig eftirlit með lyfjakostnaði og kostnaðargreining milli deilda og loks eftirfylgni með notkun Gæðahandbókar.




Myndrit 76: Heildarlyfjakostnaður á HSS árin 2007-2009

Heildarlyfjakostnaður árið 2009 hækkaði um 26% samanborið við árið 2008 en hækkun lyfjakostnaðar árið 2008 samanborið við árið 2007 var 34%. Skýringin á mikilli hækkun í lyfjakostnaði seinni hluta árs 2009 er að hluta til vegna mikils álags á hand- og lyflækningadeild (D-

deild) þennan tíma ásamt verðhækkunum sem tengjast gengislækkunar krónunnar.

Meðalkostnaður á mánuði árið 2009 var 3.375.071 kr. sem er 26% aukning frá fyrra ári.



Myndrit 77: Heildarlyfjakostnaður í milljónum króna á HSS eftir mánuðum árin 2007-2009

Læknaritarar

Deildarstjóri: Ásdís M. Sigurðadóttir

Yfirlæknir: Sigurjón Kristinsson

Læknaritarar starfa fyrir u.þ.b. 20-25 lækna, bæði sérfræðinga og heimilislækna. Læknaritarar skrá inn í SÖGUKerfið samskipti á stofu, setja inn aðgerðarlýsingar frá skurðstofum, útbúa slysa- og bráðamóttökunótur, halda utan um inn- og útskriftir sjúklinga af legudeildum, skrifa röntgensvör og hvers konar læknisfræðilegar skýrslur og bréf varðandi sjúkdóma, slysa og aðgerðir.



Spjaldskrá

Deildarstjóri: Ásdís M. Sigurðadóttir

Starfsemin felst einkum í að finna, flokka og ganga frá öllum sjúkraskýrslum á pappírformi.

Einnig að flokka póst og koma í hendur réttra aðila.

Móttaka

Deildarstjóri: Ástríður Sigþórsdóttir

Móttakan er opin allan sólarhringinn alla daga ársins. Aðalstarf móttökuritarara felst í að leiðbeina og þjónusta skjólstæðinga stofnunarinnar, sjá um tímabókanir, taka við greiðslu gjaldskyldrar þjónustu, sjá um uppgjör í lok hverrar vaktar. Einnig að sinna allri símaþjónustu stofnunarinnar, sjá um útköll starfsfólks, skilaboð og spjaldskrá utan dagvinnutíma.



Eldhús og býtibúr

Yfirmatráður: Sigríður Magnúsdóttir matreiðslumaður

Yfirmaður eldhúss í Víðihlíð í Grindavík: Guðbjörg Lilja Guðmundsdóttir

Hjá HSS eru rekin tvö eldhús, annað í Reykjanesbæ en hitt í Víðihlíð í Grindavík. Í báðum eldhúsunum er útbúinn matur fyrir sjúklinga, aðstandendur og starfsfólk. Í Reykjanesbæ og Víðihlíð voru að meðaltali afgreiddir 180 matarskammtar daglega til sjúklinga og starfsmanna. Þá var sent smurt brauð til skurðstofusjúklinga á vöknun og svonefndir

hamingjubakkar til nýbakaðra foreldra, en það eru bakkar sem samstanda af smurðu brauði og ávöxtum. Auk þess var útbúið fundarkaffi og meðlæti fyrir ýmsa viðburði á vegum stofnunarinnar. Samstarf er við næringarfræðing til að tryggja að sjúklingar fái rétt samsett fæði og með hliðsjón af manneldismarkmiðum.



Ræsting

Ræstingastjóri: Margrét Valdimarsdóttir

Alls eru 5.068 fermetrar ræstir á HSS. Víðihlið og heilsugæslan í Grindavík eru þar meðtalin.



Innkaupadeild

Innkaupastjóri: Kristjana G. Bergsteinsdóttir

Innkaupadeild notar birgðakerfi Theriak. Innkaupastjóri hefur umsjón með innkaupum og afgreiðslu á öllum hjúkrunar-, lín-, ræstinga-, rannsókn- og skrifstofuvörum og almennum rekstrarvörum fyrir stofnunina. Innkaupadeild þjónar 40 deildum.

Pantanir eru afgreiddar rafrænt og voru 3.132 pantanir afgreiddar árið 2009 sem er 12% fækkun frá fyrra ári en þá voru þær alls 3.563. Verð á heildarinnkaupum HSS fyrir árið 2009 var alls 89.013.619 krónur með vsk. en var árið 2008 64.365.472 krónur. Þetta er aukning um 38% milli árána 2008 og 2009.

Tölvu- og upplýsingateknideild

Forstöðumaður: Agnar Guðmundsson

Tölvudeildin sér um öll samskipti við notendur, sér um innviði tölvukerfisins og ber ábyrgð á að allir miðlarar og hugbúnaður séu í viðunandi ásigkomulagi. Tölvukerfið er hefðbundið með netþjónum og útstöðvum. Netþjónarnir eru í afar öruggu kældu umhverfi og mikil áhersla lögð á öryggismál og almennt tölvuöryggi í notkun útstöðva.

Starfsmaður tölvudeildar sér einnig um úrvinnslu ganga og heilbrigðisupplýsingar, hefur umsjón með rafrænni sjúkraskrá og samþættingu skráningar. Þá hefur starfsmaður tölvudeildar einnig umsjón með ársskýrslu stofnunarinnar.

Viðhalds- og tæknideild

Deildarstjóri: Hermann F. Ólason

Starfsvæði eigna- og viðhaldsdeildar nær yfir allt starfsvæði HSS, þ.e. í Reykjanesbæ, Víðihlíð í Grindavík og heilsugæslustöðina í Grindavík. Undir starfsemi eigna- og viðhaldsdeildar falla ýmis verkefni t.d. viðhald og viðgerðir á húsnæði og tækjakosti stofnunarinnar og eftirlit með nýframkvæmdum og tækjakaupum. Fasteignir ríkissjóðs tóku við rekstri og viðhaldi húseigna í ársbyrjun 2009.

Árið 2009 var mikið framkvæmdaár í viðhaldsmálum fasteigna HSS og er þar fyrst að nefna viðgerðir og málun utanhúss, lokafrágangur á lóð og bílastæðum ásamt því að endurnýja



vatnslagnir í öllum byggingum á Skólavegi 6. Þá var þak og ytra byrði húseignarinnar að Víkurbraut 62 í Grindavík endurnýjuð. Þessar framkvæmdir voru á vegum Framkvæmdasýslu ríkisins. Síðar komu Fasteignir Ríkissjóðs og stimpluðu sig inn með glæsibrag og tóku eldhús og matsal frá grunni ásamt tækjabúnaði. Margar aðrar framkvæmdir hafa verið á húsnæði HSS í Reykjanesbæ, t.d. innréttað húsnæði fyrir C.T. tæki röntgendeildar, vatnslagnir í Víðihlíð og margt fleira af smærri verkum, t.d. endurnýjun brunakerfis í A og B byggingu.



Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga

Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrar: Elís Reynarsson

Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga fer með yfirstjórn fjármála HSS og ber ábyrgð á að upplýsingar um starfsemi og rekstur séu í samræmi við þarfir um áreiðanlega og virka upplýsingagjöf. Meginviðfangsefni eru áætlanagerð, fjárhagsbókhald, reikningsskil, fjárstýring, innheimta krafna, starfsmannahald og launavinnsla.



Gjafir

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja bærust eftirfarandi gjafir á árinu frá velunnurum.

Speglunardeild

Valgerður Auðbjörg Bergsdóttir - búnaður fyrir speglun.

F-deild

Kvenfélög Grindavíkur, Voga, Keflavíkur, Garðs og Sandgerðis - húsgögn og fylgihlutir í hjónaherbergi fyrir nýbakaða foreldra að upphæð 510 þúsund kr.

Kvenfélag Njarðvíkur - skoðunarlampi á fæðingarstofu.

Inga Ingimundardóttir - hamingjuborð með bollastelli fyrir nýbakaða foreldra að upphæð 20 þúsund kr.

Víðihlið

Lionsklúbbur Grindavíkur, Kvenfélag Grindavíkur og Sjómannafélag Grindavíkur – gjafir að upphæð 600 þúsund kr.

Sigurður G. Gíslason - flatskjár að verðmæti 100 þúsund kr.

Guðmundur Í. Ágústsson og fjölskylda – rúm og náttborð.

Tómas Þorvaldsson og fjölskylda – rúm, náttborð, hjólastóll og kaffivél.

Hjúkrunar og endurhæfingardeild heimahjúkrunar

Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna – Play-station 3 leikjatölva ásamt aukabúnaði og leikjum.

Aðstandandi sjúklings í heimahjúkrun – peningagjöf að upphæð 100 þúsund kr.

Lionsklúbbur Keflavíkur – rafknúin sjúkralyfta að verðmæti 150 þúsund kr.

Verslunin Álnabær í Reykjanesbæ – gardínur og sóltjöld á tvær sjúkrastofur.

Systra- og bræðrafélag Keflavíkurkirkju - peningagjöf að upphæð 1.537.893 kr.

Lionessur í Keflavík - peningagjöf að upphæð 300 þúsund kr.

Minningarsjóður Vilhjálms Ketilssonar - peningagjöf að upphæð 100 þúsund kr.

Styrktarfélag HSS – peningagjöf að upphæð 400 þúsund kr.

Krabbameinsfélag Suðurnesja – peningagjöf að upphæð 700 þúsund kr.

Lionsklúbbur Keflavíkur – peningagjöf að upphæð 200 þúsund kr.

Félag sem ekki vill láta nafn síns getið – peningagjöf að upphæð 250 þúsund kr.

D deild – Lyf- og handlækningadeild

Barði Guðmundsson – sjónvarpstæki.

Sigurfríð Rögnvaldsdóttir - Graseby lyfjadæla frá Icepharma að verðmæti 137.732 kr. og Nonin súrefnismettunarhandmælir að verðmæti 139.196 kr. Sigurfríð gaf þessar gjafir til minningar um eiginmann sinn Axel Birgisson, sem lést 22. júlí 2009.

Belgískir listamenn - Prettán listaverk, sem eru til sölu á D-deild. Hvert listaverk kostar 20.000 kr. stykkið og rennur ágóðinn til tækjakaupa á deildinni.

Ársreikningur 2009

Rekstrarreikningur ársins 2009			
Tekjur	2009	2008	
Seld sérfræðipjónusta.....	106.731.700	103.240.361	3,38%
Aðrar tekjur.....	47.245.036	56.127.429	-15,83%
Tekjur samtals	153.976.736	159.367.790	-3,38%
Gjöld			
Laun og launatengd gjöld.....	1.435.839.509	1.414.040.139	1,54%
Vörukaup almenn.....	87.559.341	72.681.710	20,47%
Vörukaup sérgreind.....	111.165.877	88.969.230	24,95%
Pjónusta I.....	125.103.862	177.500.143	-29,52%
Pjónusta II.....	119.686.059	110.061.248	8,74%
Rekstrargjöld samtals	1.879.354.648	1.863.252.470	0,86%
Eignakaup.....	10.792.547	5.804.693	85,93%
Gjöld samtals	1.890.147.195	1.869.057.163	1,13%
Gjöld umfram tekjur án fjármagnsliða	(1.736.170.459)	(1.709.689.373)	
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur	521.597	615.996	-15,32%
Fjármagnsgjöld.....	(9.311.376)	(15.728.706)	-40,80%
	(8.789.779)	(15.112.710)	-41,84%
Tekjuafgangur(-halli) fyrir ríkisframlag	(1.744.960.238)	(1.724.802.083)	1,17%
Ríkisframlag.....	1.723.000.000	1.686.700.000	2,15%
Tekjuafgangur(tekjuhalli) ársins	<u>(21.960.238)</u>	<u>(38.102.083)</u>	-42,36%

Tafla 19: Rekstrarreikningur ársins 2009

Efnahagsreikningur 31. desember 2009		
Eignir	2009	2008
Ríkissjóður		
Inneign hjá ríkissjóði.....	1.798.776	6.347.557
Veltufjármunir		
Sjóðir og bankareikningar.....	9.423.854	7.157.076
Skuldunautar.....	19.564.880	19.063.881
Aðrar skammtímakröfur.....	159.398	1.148.947
Fyrirfram greidd laun.....	184.000	445.481
Vörubirgðir.....	16.471.416	11.946.182
Veltufjármunir samtals	45.803.548	39.761.567
Eignir Samtals	47.602.324	46.109.124
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll.....	(101.256.475)	(79.296.237)
Annað eigið fé:		
Framlag til eignarmyndunar.....	6.042.476	6.042.476
Annað eigið fé samtals	6.042.476	6.042.476
Eigið fé samtals	(95.213.999)	(73.253.761)
Skammtímaskuldir		
Lánardrottnar.....	142.816.323	119.362.885
Skammtímaskuldir samtals	142.816.323	119.362.885
Skuldir samtals	142.816.323	119.362.885
Skuldir og eigið fé samtals	47.602.324	46.109.124

Tafla 20: Efnahagsreikningur 31. desember 2009

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009		
	2009	2008
Rekstrarhreyfingar		
Niðurstaða ársins	(21.960.238)	(38.102.083)
Veltufé frá rekstri	<u>(21.960.238)</u>	<u>(38.102.083)</u>
Breytingar á rekstrar		
Birgðir, lækkun	(4.525.234)	(2.607.064)
Skammtímakröfur, (hækkun)	750.030	8.870.602
Skammtímaskuldir, hækkun	23.453.438	58.301.422
	<u>19.678.234</u>	<u>64.564.960</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	<u>(2.282.004)</u>	<u>26.462.877</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Breyting á stöðu við ríkissjóð		
Ríkisframlag	(1.723.000.000)	(1.686.700.000)
Greitt úr ríkissjóði	<u>1.727.548.781</u>	<u>1.663.319.589</u>
	<u>4.548.781</u>	<u>(23.380.411)</u>
Hækkun á handbæru fé	2.266.777	3.082.466
Handbært fé í ársbyrjun	<u>7.157.076</u>	<u>4.074.609</u>
Handbært fé í árslok	<u><u>9.423.854</u></u>	<u><u>7.157.076</u></u>

Tafla 21: Yfirlit um sjóðstreymi árið 2009

Myndir frá starfseminni



